

Fjárhagsáætlun
Ísafjarðarbæjar
2018

Rekstrar- og
efnahagsreikningur
ásamt greinargerð



Ísafjarðarbær

Fjárhagsáætlun

2018

seinni umræða



Ísafjarðarbær
Hafnarstræti 1
400 Ísafirði
kt. 540596-2639

Ísafjarðarbær

Fjárhagsáætlun

2018

seinni umræða

Efnisyfirlit

Rekstrarreikningur	1
Efnahagsreikningur	2
Yfirlit um sjóðstreymi	4
Kennitölur	5
Greinargerð með fjárhagsáætlun	6
-Almennar forsendur	6
-Fjölskyldusvið	10
-Skóla- og tómstundasvið	17
-Stjórnsýslu- og fjármálasvið	22
-Umhverfis- og eignasvið	24
-Fasteignir Ísafjarðarbæjar	27
-Slökkvilið Ísafjarðarbæjar	27
-Hafnarsjóður	28
-Fjármunatekjur- og fjármagnsgjöld	30
-Fjárfestingar	31
Rekstraryfirlit málaflokka	32
Efnahagsreikningur málaflokka	33
Yfirlit um sjóðstreymi málaflokka	34

Rekstrarreikningur ársins 2018

	Sveitarsjóður A hluti			Samantekið A og B hluti		
	2018	2017_mv	2016	2018	2017_mv	2016
Útsvar	2.064.000	1.940.657	1.763.999	2.064.000	1.940.657	1.763.999
Framlög Jöfnunarsjóðs	854.032	721.120	882.912	854.032	721.120	882.912
Fasteignaskattar	362.212	335.794	305.079	362.212	335.794	305.079
Sölu tekjur	93.579	78.644	72.207	126.877	124.699	120.887
Þjónustutekjur	189.496	189.383	171.698	635.353	613.598	557.467
Aðrar tekjur	558.122	521.438	559.169	828.310	787.029	799.307
	<u>4.121.440</u>	<u>3.787.036</u>	<u>3.755.064</u>	<u>4.870.783</u>	<u>4.522.898</u>	<u>4.429.651</u>
Laun og launatengd gjöld	(2.370.057)	(2.171.415)	(1.977.780)	(2.493.204)	(2.297.891)	(2.091.825)
Breyting lífeyrisskuldbindingar	(148.975)	(157.120)	(211.341)	(148.975)	(157.120)	(211.341)
Vörukaup	(148.217)	(119.191)	(100.922)	(152.512)	(137.813)	(115.241)
Þjónustukaup	(452.502)	(406.364)	(399.531)	(490.557)	(452.554)	(442.480)
Orkukostnaður	(101.943)	(96.869)	(88.451)	(143.469)	(138.699)	(127.412)
Viðhaldskostnaður	(209.280)	(188.853)	(135.575)	(329.185)	(266.976)	(237.100)
Upplýsingakerfi	(50.641)	(37.439)	(38.653)	(51.144)	(37.852)	(39.876)
Önnur rekstrargjöld	(191.994)	(186.546)	(171.029)	(251.747)	(269.051)	(167.050)
Styrkir og annað	(219.426)	(235.336)	(244.136)	(219.426)	(235.336)	(244.136)
Skattar og gjöld	(51.919)	(49.445)	(46.210)	(84.658)	(79.241)	(74.824)
Afskriftir fastafjármuna	(133.968)	(120.330)	(110.087)	(234.626)	(213.551)	(211.735)
Framlög til B-hluta stofnana			(51.692)	0	0	(51.692)
Rekstrarniðurstaða án fjármuna-	<u>42.519</u>	<u>18.129</u>	<u>179.658</u>	<u>271.281</u>	<u>236.813</u>	<u>414.940</u>
tekna og fjármagnsgjalda						
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(88.763)	(82.638)	(55.001)	(234.981)	(201.460)	(189.729)
Rekstrarniðurstaða ársins	<u>(46.244)</u>	<u>(64.509)</u>	<u>124.657</u>	<u>36.300</u>	<u>35.354</u>	<u>225.211</u>

Áætlaður efnahagsreikningur 2018

Eignir	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
	31.12.2018	31.12.2016	31.12.2018	31.12.2016
Fastafjármunir				
Fasteignir og lóðir	3.292.154	2.660.897	5.192.706	4.647.870
Veitukerfi, hafnarmannvirki og götur	920.015	676.109	1.949.453	1.645.458
Vélar, áhöld og tæki	249.867	139.579	286.576	166.004
Eignarhlutir í félögum	568.107	553.107	440.536	425.536
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	42.983	70.502	0	0
Langtímakröfur	2.288	6.578	2.288	6.578
	<u>5.075.414</u>	<u>4.106.770</u>	<u>7.871.559</u>	<u>6.891.445</u>
Veltufjármunir				
Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur	234.720	313.232	272.306	351.894
Næsta árs og gjaldf. afb. af langtímakröfum	42.953	35.961	3.506	0
Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki B	102.919	57.000	0	0
Aðrar skammtímakröfur	9.623	79.398	9.857	74.787
Handbært fé	35.871	361.948	41.452	367.529
	<u>426.086</u>	<u>847.539</u>	<u>327.121</u>	<u>794.210</u>
Eignir	<u><u>5.501.501</u></u>	<u><u>4.954.309</u></u>	<u><u>8.198.680</u></u>	<u><u>7.685.655</u></u>

Áætlaður efnahagsreikningur 2018

Eigið fé og skuldir	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
	31.12.2018	31.12.2016	31.12.2018	31.12.2016
Eigið fé				
Eiginfjárreikningur	671.697	868.202	1.194.650	1.208.748
	<u>671.697</u>	<u>868.202</u>	<u>1.194.650</u>	<u>1.208.748</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar				
Lífeyrisskuldbinding	1.703.366	1.528.639	1.703.366	1.528.639
Skuldir við lánastofnanir	2.047.063	1.656.378	4.627.838	4.290.096
Leiguskuldir	27.110	25.636	27.110	25.636
	<u>3.777.539</u>	<u>3.210.653</u>	<u>6.358.314</u>	<u>5.844.371</u>
Skammtímaskuldir				
Viðskiptaskuldir	199.889	197.247	200.305	197.694
Skuldir við eigin fyrirtæki B	521.645	348.377	0	0
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	226.873	216.520	322.299	306.136
Næsta árs afborganir leiguskulda	0	1.474	0	1.474
Aðrar skammtímaskuldir	103.858	111.835	123.113	127.233
	<u>1.052.265</u>	<u>875.454</u>	<u>645.716</u>	<u>632.537</u>
Skuldir	<u>4.829.803</u>	<u>4.086.107</u>	<u>7.004.030</u>	<u>6.476.907</u>
Eigið fé og skuldir	<u><u>5.501.501</u></u>	<u><u>4.954.309</u></u>	<u><u>8.198.680</u></u>	<u><u>7.685.655</u></u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2018

	Sveitarsjóður A hluti			Samantekið A og B hluti		
	2018	2017_mv	2016	2018	2017_mv	2016
Rekstrarhreyfingar						
Rekstrarniðurstaða ársins	(46.244)	(64.509)	124.657	36.300	35.354	225.211
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:						
Afskriftir	133.968	120.330	110.087	234.626	213.551	211.735
Sölutap fastafjármuna	0	0	0	0	0	(6.361)
Niðurfærsla viðskiptakrafna	0	0	13.136	0	0	18.661
Verðb. og gengism. langtímalíða	37.141	61.630	24.482	110.499	128.480	81.467
Sölutap hlutabréfa	0	0	207	0	0	207
Breyting á lífeyrisskuldbindingu	88.975	117.844	211.341	88.975	117.844	211.341
Veltufé frá rekstri	213.841	235.295	483.910	470.400	495.229	742.261
Aðrar rekstrartengdar eignir, lækkun	0	154.572	(88.172)	0	174.734	(72.970)
Greitt vegna lífeyrisskuldbindingar	0	0	(52.747)	0	0	(52.747)
Rekstrartengdar skuldir, hækkun	0	21.628	(16.326)	0	21.847	(9.784)
Handbært fé frá rekstri	213.841	411.495	326.664	470.400	691.810	606.760
Fjárfestingahreyfingar						
Fjárf. í varanl. rekstrarfjárm.	(771.800)	(532.050)	(147.184)	(850.000)	(621.000)	(135.307)
Afborganir langtímakrafna	38.681	36.650	530	550	537	530
Fjárf. í eignarhl. í öðrum félögum	0	0	(4.661)	0	0	(4.661)
Eignfærðar leigugreiðslur	0	0	(85.803)	0	0	(85.803)
	(733.119)	(495.400)	(237.117)	(849.450)	(620.463)	(225.240)
Fjármögnunarhreyfingar						
Tekin ný langtímalán	680.000	285.000	25.700	680.000	285.000	175.700
Afborganir langtímalána	(206.023)	(216.845)	(218.105)	(299.599)	(306.528)	(318.874)
Ný leiguskuldbinding	0	0	66.725	0	0	66.725
Afborgun leiguskuldbindinga	0	0	(39.307)	0	0	(39.307)
Viðskiptar. eign fyrirt., breyting	46.652	63.584	343.860	0	0	0
	520.630	131.739	178.872	380.401	(21.528)	(115.756)
Hækkun handbærs fjár	1.351	47.833	268.419	1.351	49.819	265.763
Handbært fé í upphafi árs	34.520	287.534	93.529	40.101	291.129	101.766
Handbært fé í lok árs	35.871	335.367	361.948	41.452	340.948	367.529

Skýringar

1. Kennitölur - Skuldaviðmið

	Sveitarsjóður		Sveitarsjóður	
	ÁÆ 2018	ÁÆ 2017	2016	2015
Rekstrarafkoma fyrir afskriftir og vexti (EBITDA).....	176.487	139.318	289.745	80.168
Hlutf. reglul. tekna af heildarskuldum og skuldb.....	117,19%	113,98%	108,42%	117,71%
Skuldaviðmið a.t.t.t lífeyrisskuldbindinga (15 ár).....	99,89%	97,68%	91,45%	100,71%
	Samantekinn ársreikningur		Samantekinn ársreikningur	
Rekstrarafkoma fyrir afskriftir og vexti (EBITDA).....	505.907	478.149	633.207	396.878
Hlutf. reglul. tekna af heildarskuldum og skuldb.....	143,80%	149,93%	146,01%	160,84%
Skuldaviðmið a.t.t.t lífeyrisskuldbindinga (15 ár).....	129,16%	136,32%	131,59%	146,32%
Skuldaviðmið a.t.t.t. leiguskuldb. frá ríkissj.....	115,50%	121,12%	115,79%	127,70%
Hlutf. regl. tekna af heildar skuld&skuldb. (án Fastís)	91,90%	95,67%	88,97%	97,19%

Með gildistöku sveitarstjórnarlaga árið 2012 var það ákvæði sett á að heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum samkvæmt þeim reikniðferðum sem lýst er í IV. kafla reglugerðar 502/2012. Í ofangreindum forsendum er miðað við að á árinu 2018 verði núvirt leiguverð 742 milljónir króna, leiguverðið 66,6 milljónir króna og lífeyrisskuldbindingar til frádráttar 688 milljónir króna.

2. Kennitölur - Ilykiltölur

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga gaf út haustið 2013 viðmið um rekstrarniðurstöður sveitarfélaga út frá skuldsetningu þeirra.

	ÁÆ 2018	ÁÆ 2017	2016	2015
Framlegð.....	654.851	642.996	844.548	611.848
Framlegð sem hlutfall af tekjum.....	13,4%	14,5%	19,0%	15,4%
Veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum.....	9,7%	11,2%	16,7%	13,1%
Veltufé frá rekstri á móti afb. lána og skuldb.....	1,57	1,62	2,33	1,51
Veltufjárhlutfall.....	0,51	0,45	1,26	0,75

2. Laun og stöðugildi

	ÁÆ 2018	ÁÆ 2017	2016	2015
Laun og launatengd gjöld.....	2.493.236	2.283.036	2.091.825	1.950.509
Hlutfall af rekstrartekjum.....	51,19%	51,50%	47,16%	49,11%
Launakostnaður per stöðugildi.....	7.746	7.362	7.167	6.776
Stöðugildi				
02 Fjölskyldusvið.....	63,4	57,2	54,5	52,5
04 Fræðslusvið.....	146,2	143,8	135,8	135,3
05 Menningarmál.....	8,7	8,1	8,1	7,9
06 Æskulýðs- og íþróttamál.....	30,7	30,8	26,1	27,2
07 Brunamál og almannavarnir.....	15,7	14,8	15,0	15,1
09 Skipulags- og byggingarmál.....	3,6	2,9	2,3	2,0
11 Umhverfismál.....	1,0	1,0	3,0	2,6
13 Atvinnumál.....	1,7	1,5	2,0	2,9
21 Sameiginlegur kostnaður.....	17,4	15,9	16,1	15,0
31 Eignasjóður.....	1,0	1,0	1,0	1,0
33 Þjónustumiðstöð.....	13,8	13,9	10,2	9,4
41 Hafnarsjóður.....	14,2	14,6	12,8	12,4
53 Þjónustuíbúðir.....	3,4	3,6	3,2	3,4
57 Fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf.....	1,2	1,2	1,8	1,0
	321,9	310,1	291,9	287,9

Greinargerð með fjárhagsáætlun 2018

ALMENNAR FORSENDUR

LAGAUMGJÖRD


Fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2018 er lögð fram og unnin skv. fyrirmælum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Samkvæmt lögnum skal bæjarráð leggja fyrir bæjarstjórn drög að fjárhagsáætlun og skal bæjarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár sem og næstu þrjú ár þar á eftir. Tillögu að fjárhagsáætlun skal leggja fram fyrir bæjarstjórn til fyrri umræðu ekki síðar en 1. nóvember og síðari umræða skal fara fram í síðasta lagi 15. desember, en fjallað skal um tillöguna á tveimur fundum.

Fjárhagsáætlun sveitarfélags er bindandi fyrir allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins, skv. 63. gr. sveitarstjórnarlaga. Einungis er hægt að víkja frá fjárhagsáætlun með því að samþykka viðauka við áætlunina. Á það við um ákvarðanir, samninga og aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum eða tilfærslum milli liða. Fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar er því eiginleg fjárveiting til rekstrar Ísafjarðarbæjar og ber að fylgja henni.

Lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum eru megin lagaheimild sveitarfélaga til að leggja á skatta og þjónustugjöld. Í fyrsta kafla laganna segir að tekjustofnar sveitarfélaga séu útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði. Auk þess hafa sveitarfélög tekjur af eignum sínum, eigin atvinnurekstri og stofnunum sem reknar eru í almenningsþágu, svo sem vatnsveitum, rafmagnsveitum, hitaveitum og fleiru. Ennfremur ýmsar aðrar tekjur, svo sem af holræsagjaldi, lóðaleigu, leyfisgjöldum o.fl., allt eftir því sem lög og reglugerðir mæla fyrir um.

ÚTSVAR

Útsvarið er veigamesti tekjustofn sveitarfélaga. Það er dregið af launum launþega ásamt tekjuskatti ríkisins. Við áætlun útsvars Ísafjarðarbæjar er stuðst við áætlanir frá hag- og upplýsingasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga sem gefur út útreikninga á staðgreiðsluáætlun sveitarfélaga. Undanfarin ár hafa þær áætlanir verið vel innan marka, enda hefur verið farið fram með varkárni við mat forsendna. Á myndinni hér að neðan má til að mynda sjá hver áætlun útsvars fjögurra síðustu ára hefur verið til samanburðar við niðurstöðu hvers árs.



Graf 1. Samanburður útsvarsgreiðslna árin 2015 til 2018

Gert er ráð fyrir að útsvarstofn hækki um 8% milli árunna 2017 og 2018. Útsvarsgreiðslur fyrir árið 2018 eru áætlaðar 2.064 m.kr. samanborið við 1.941 m.kr. í áætlun 2017.

Í áætlun 2017 var gert ráð fyrir að íbúum Ísafjarðarbæjar myndi fjölga um 1%, í samræmi við ákvörðun bæjarstjórnar, og yrðu 3.650 í árslok 2017. Við vinnu greinargerðar þessarar, 8. desember 2017, hefur íbúum fjölgað í 3.714 eða um 2,9% frá árslokum 2016. Í fjárhagsáætlun 2018 er enn gert ráð fyrir að íbúum muni fjölga um 1% á árinu 2018 frá deginum í dag og verði 3.751 í lok árs.

Samkvæmt þjóðhagsspá sem gefin var út 31. maí 2017 var áætlað að verðbólga ársins 2018 yrði um 2,7%. Notast var við þær forsendur við gerð fjárhagsáætlunar, þar sem þjóðhagsspá að vetri var ekki komin fram þegar vinna við fjárhagsáætlanagerð fór fram. Þjóðhagsspá að vetri var gefin út 3. nóvember 2017 þar sem spáð var 2,9% verðbólgu á árinu 2018.

Ár	Álagningar- prósenta útsvars	Útsvarstofn		Álagt útsvar skv. álagningarskrá	Álagt útsvar, hluti Jöfnunarsjóðs	Verðbætur, kostnaður, frádráttur	Samtals skiluð staðgreiðsla
2018ÁÆ	14,52%	16.620.680.060	8,00%	2.413.322.745	-292.523.969	-50.496.503	2.064.000.000
2017ÁÆ	14,52%	15.389.518.574	8,00%	2.234.558.097	-270.855.527	-50.496.503	1.940.657.049
2016	14,52%	14.249.554.235	7,84%	2.069.035.275	-250.792.155	-50.496.503	1.767.746.617
2015	14,52%	13.213.830.024	6,94%	1.918.648.119	-232.563.408	-52.264.863	1.633.819.848
2014	14,52%	12.356.010.689	3,70%	1.794.092.752	-217.465.788	-49.133.879	1.527.493.085
2013	14,48%	11.914.904.852		1.725.278.223	-209.702.325	-42.672.488	1.472.903.409

Tafla 1. Þróun útsvars árin 2013-2018

FASTEIGNAGJÖLD

Fasteignaskattur er þriðji stærsti tekjustofn sveitarfélagsins og er lagður árlega á flestar fasteignir í sveitarfélaginu sem metnar eru fasteignamati, samkvæmt fasteignaskrá. Fasteignamat allra fasteigna er endurmetið ár hvert og eru niðurstöðurnar kynntar í júnímánuði. Fasteignagjöld eru áætluð í álagningarkerfi fasteignagjalda sem er á vegum Þjóðskrár Íslands. Skatthlutföll haldast óbreytt milli árunna 2017 og 2018.

	2018	2017	2016	2015	2014
Fasteignaskattur A	0,63%	0,63%	0,63%	0,63%	0,63%
Lóðarleiga	1,80%	1,80%	1,80%	1,80%	1,80%
Vatnsgjald	0,21%	0,21%	0,21%	0,21%	0,21%
Holræsagjald	0,03%	0,03%	0,03%	0,25%	0,25%
Sorpgjald þéttbýli	46.642	46.642	40.558	39.300	39.300
Sorpgjald dreifbýli	31.687	31.687	27.554	26.700	26.700

Tafla 2. Þróun skatthlutfalla fasteignagjalda 2014-2018

Á síðustu 5 árum hefur fasteignamat í Ísafjarðarbæ hækkað samtals um 28,7%. Fasteignamat Þjóðskrár Íslands fyrir 2018 var birt 2. júní 2017 og er fasteigna- og landmat 2018 37.461 milljónir króna. Fasteignamat fyrir árið 2017 var 34.250 milljónir króna og er því fasteignamat 2018 að hækka um 9,4% frá árinu 2017.

	2018	2017	2016	2015	2014
Fasteignaskattur	297.266.076	273.246.292	252.019.067	240.759.790	239.770.794
Lóðarleiga	64.945.763	58.423.841	50.676.032	48.931.815	50.178.400
Vatnsgjald	69.879.847	64.487.962	59.345.855	58.449.641	58.433.781
Holræsagjald	79.754.243	74.262.016	68.170.895	66.924.811	67.314.385
Sorpgjald	77.367.644	77.761.763	65.482.670	64.984.129	64.984.127
Samtals	589.213.573	548.181.874	495.694.519	480.050.186	480.681.487
	7,5%	10,6%	3,3%	-0,1%	3,7%

Tafla 3. Þróun fasteignagjalda árin 2014-2018

Fasteignaskattur

Samkvæmt fjárhagsáætlun er lagt til að fasteignaskattur á íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði haldist óbreyttur á milli ára. Áætlað er þó að tekjur af fasteignaskatti aukist vegna hækkunar fasteignamats. Einnig er von á að fasteignaskattur aukist vegna magnaukningar á árinu 2018, þ.e. áætlaðri aukningu á fjölda fasteigna í bæjarfélaginu, en ekki hefur verið gert ráð fyrir því í áætlun.

Vatnsskattur og holræsagjald

Vatnsskattur og holræsagjald haldast óbreytt á milli ára.

Sorphirðugjöld

Sorphirðugjöld haldast óbreytt á milli ára.

Lóðarleiga

Lóðarleiga á einingu hækkar ekki á milli ára.

JÖFNUNARSJÓÐUR

Samkvæmt lögum nr. 4/1195 um tekjustofna sveitarfélaga er sjóðurinn einn þriggja meginstoða sveitarfélaga. Hann er því ekki síður en útsvar og fasteignaskattur mikilvægur þáttur í fjármögnun sveitarsjóðs. Hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er að jafna mismunandi útgjaldaþörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum á grundvelli ákvæða laga, reglugerða og vinnureglna sem settar eru um starfsemi sjóðsins. Þá greiðir sjóðurinn framlög til samtaka sveitarfélaga, stofnana þeirra og annarra aðila í samræmi við ákvæði laga.

Framlög til sveitarfélagsins skiptast í fjóra flokka; sérstök framlög (s.s. vegna sameiningar sveitarfélaga eða fjárhagserfiðleika), jöfnunarframlög (skiptist í tekjujöfnunarframlag og útgjaldajöfnunarframlag), jöfnunarframlag vegna reksturs grunnskóla og jöfnunarframlag vegna þjónustu við fatlaða. Tekjujöfnunarframlagi er ætlað að jafna tekjur sveitarfélaga s.s. vegna fasteignagjalda en útgjalda-jöfnunarframlagi er ætlað að mæta mismunandi útgjalda sveitarfélaga á grundvelli stærðarhagkvæmni og tekna þeirra, að teknu tilliti til þeirra þátta sem áhrif hafa á útgjöld, svo sem íbúafjölda, fjarlægða innan sveitarfélaga, skólaaksturs úr dreifbýli o.fl.

Í áætlun Jöfnunarsjóðs fyrir árið 2018 hækkar fasteignaskattsframlag um 19 m.kr., útgjalda-jöfnunarframlag um 79 m.kr. og grunnskólaframlag um 70 m.kr., eins og sjá má í töflu 4.

	<i>2018 áætl</i>	<i>2017 áætl</i>	<i>2016</i>	<i>2015</i>	<i>2014</i>
Fasteignask.frl. rgl. 80/2001	266.238.098	247.227.822	241.679.624	203.126.249	203.493.623
Útgj.jöfn.frl.13 gr. rgl.113/2003	395.678.075	316.482.659	477.595.967	372.763.623	341.639.467
Grunnskólafrl. 3.gr. rgl.351/2002	172.395.458	102.404.573	142.931.744	132.684.866	75.451.861
Frl.v.sérþarfa nem.4.gr rgl.351/2002	12.050.000	13.400.000	12.991.663	13.100.000	15.500.000
Frl.nýbúafræðsla 5.gr.rgl.351/2002	7.670.000	7.400.000	7.713.330	6.760.000	3.840.000
Aukaframlag	0	34.204.997			
Samtals	854.031.631	721.120.051	882.912.328	728.434.738	639.924.951
	18,4%	-18,3%	21,2%	13,8%	9,7%

Tafla 4. Þróun greiðslna úr jöfnunarsjóði árin 2014-2018


FJÖLSKYLDUSVIÐ

SKRIFSTOFA FJÖLSKYLDUSVIÐS

Gert er ráð fyrir að stöðugildi ráðgjafa hækki úr 50% í 100%. Hækkun um 50% fyrir árið 2017 reyndist ekki nægileg. Ástæða er til að benda á að tiltölulega líttill kostnaður er á skrifstofunni vegna aðkeyptar sérfræðiþjónustu, einungis er um að ræða kostnað vegna þjónustu sálfræðings sem nýttist jafnframt öðrum sviðum. Málaflokkar s.s. móttaka flóttamanna, öldungaráð og fasteignagjöld aldraðra og öryrkja hafa bæst við þjónustu sviðsins. Einnig skal tekið fram að töluverð vinna hefur falist í kerfisbreytingum vegna greiðslu húsnæðisbóta og töluverðrar ráðgjafar til umsækjenda til Húsbótar. Umsóknarferlið er mun flóknara en áður og sérstaklega hefur þurft að veita öldruðum þjónustu vegna þessa. Jafnframt má benda á að umsóknarferli einstaklinga um færni- og heilsumat er viðameira en áður og þarfnast nákvæmrar greinargerðar frá félagsráðgjafa um félagslegar og húsnæðislegar aðstæður umsækjenda. Að auki hefur bæst við kostnaður vegna jafnlaunavottunar.

FJÁRHAGSAÐSTOÐ

Fjöldi rétthafa til fjárhagsaðstoðar er meiri en spár gerðu ráð fyrir. Hækkun er áætluð í fjárhagsaðstoð vegna aukningar á fjölda umsækjenda með rétt til aðstoðar. Jafnframt er nýtt úrræði, í tengslum við samvinnu við Fjölsmiðju um virkniúrræði, sem bókast á fjárhagsaðstoð, 4,8 m.kr. Áætluð er fjölgun einstaklinga sem fá niðurgreiðslu á tímum hjá sálfræðingi, 624 þ.kr. Fjölgun rétthafa til fjárhagsaðstoðar felst að mestu í ungu fólki með fíknivanda, geðrænan vanda og einstæðum mæðrum sem hafa einungis rétt til fæðingarstyrks hjá Fæðingarorlofssjóði. Þá eru einnig í þessum hópi ungir, nýbakaðir foreldrar sem komast ekki á vinnumarkað vegna skorts á daggæsluúrræðum. Gert er ráð fyrir að grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar hækki í janúar samkvæmt vísitölu, líkt og reglur gera ráð fyrir.



Graf 2. Þróun fjárhagsaðstoðar árin 2013-2016

MÓTTAKA FLÓTTAMANNA

Gert er ráð fyrir stuðningi við fjórar fjölskyldur. Rætt hefur verið um allt að tuttugu og fimm manns en með tilliti til stöðu á húsnæðismarkaði má telja óraunhæft að það geti orðið á næsta ári. Verði um þann fjölda að ræða verður að gera ráð fyrir tímabundinni ráðningu verkefnastjóra til a.m.k. 3-5 mánaða.

SÉRSTAKAR HÚSNÆÐISBÆTUR


Nýjar reglur um sérstakan húsnæðisstuðning tóku gildi á árinu 2017, en til stóð að endurskoða þær m.t.t. þess hvernig þær myndu nýtast tekjulægstu umsækjendunum. Heldur færri hafa reynst eiga rétt á sérstökum húsnæðisstuðningi en ráð var fyrir gert, en þó fleiri en höfðu rétt skv. gömlu reglunum. Almennar húsnæðisbætur eru nú úrræði á vegum ríkisins, rétt eins og vaxtabætur. Gert er ráð fyrir lækkun á áætlun um sérstakan húsnæðisstuðning miðað við árið 2017.

BARNAVERND

Úrræði í barnavernd hafa aukist og mikilvægt er að bregðast snarlega við aðstæðum sem ekki teljast viðunandi fyrir börn, með vísan til laga. Úrræðin felast helst í sálfræðiþjónustu, forsjárhæfismötum, fjölskylduráðgjöf, almennri félagsráðgjöf, tilsjón á heimilum, stuðningsfjölskyldum og fíkniefnamælingum. Barnaverndin hefur einnig í sínum verkahring alla samvinnu við BUGL um geðteymi barna, samvinnu við Barnaverndarstofu um MST og samvinnu á Ísafirði við aðrar stofnanir vegna barna sem þurfa á aðstoð á geðsviði að halda. Síðast en ekki síst hefur verið lögð áhersla á að fagfólkið sem sinnir þessum flókna, viðkvæma og síbreytilega málaflokki sinni sí- og endurmenntun í formi þátttöku á ráðstefnum, námskeiðum og málþingum.

Hækkun árið 2018 skýrist af áætlaðri aukningu á fjölda barna í fóstri, þáttur sem alltaf er fremur óviss. Ekki er víst að komi til þessarar hækkunar. Hækkun launaliða er vegna tillagna um bakvaktir í barnavernd. Sviðsstjóri hefur einn staðið bakvaktir frá árinu 2010. Það getur ekki gengið lengur. Tillagan gengur út á að greiða sem nemur helmingi þess sem fullar greiðslur gera ráð fyrir samkvæmt samningi, þ.e. 15 yfirvinnutíma á mánuði fyrir rúmlega viku bakvakt. Sviðsstjóri tekur áfram bakvaktir að einum fjórða hluta. Kostnaður felst í að greiða sem nemur þremur fjórðu hlutum bakvakta.

Áætlanir um aukna þátttöku Bolungarvíkurkaupstaðar og Súðavíkurhrepps á árinu 2017 gengu ekki eftir en allt útlit er fyrir hlutfallslega þátttöku þeirra á árinu 2018 miðað við íbúafjölda í hverju sveitarfélagi. Samningar standa yfir.



Graf 3. Kostnaður við barnavernd 2013 - 2016

FÉLAGSLEG HEIMAPJÓNUSTA

Félagsleg heimapjónusta fellur undir grunnþjónustu sveitarfélagsins. Kostnaður vegna félagslegrar heimapjónustu hefur verið nánast óbreyttur undanfarin ár, sem og stöðugildin í þjónustunni. Hér á eftir að bókast kostnaður sem hefur fallið á frekari liðveislu þar sem stöðugildi hafa bókast þar en

þjónustan blönduð á milli grunnþjónustu og fötlunarþjónustu. Skipulagsbreytingar eru framundan sem varða samþættingu félagslegrar heimaþjónustu og frekari liðveislu. Nánar er gerð grein fyrir því hér að neðan.

MATARÞJÓNUSTA

Þessi liður var undir málaflokki 53, þ.e. Hlíf, en var fluttur yfir í málaflokk 02 á árinu 2017, í samvinnu við fjármálastjóra. Þetta er gert vegna eðlis þjónustunnar sem stýrist af almennri félagsþjónustu fremur en þjónustu sem tilheyrir einungis þjónustuíbúðum. Liðurinn skekkti þannig niðurstöður rekstrar fyrir Hlíf, þjónustuíbúðir.

FÉLAGSLEG LIÐVEISLA


Félagsleg liðveisla fellur undir grunnþjónustu sveitarfélagsins. Hækkun felst að mestu leyti í launakostnaði þar sem þjónustan er iðulega veitt utan hefðbundins vinnutíma og greiðist því sem yfirvinna. Gert er ráð fyrir að grunnþjónusta sveitarfélagsins sé fullnýtt áður en kemur til kasta fötlunarþjónustu. Hér á eftir að bókast kostnaður sem hefur fallið á frekari liðveislu þar sem stöðugildi hafa bókast þar en þjónustan blönduð á milli grunnþjónustu og fötlunarþjónustu.

LENGD VIÐVERA/SUMARÞJÓNUSTA FATLAÐRA

Lengd viðvera/sumarþjónusta fatlaðra er greidd niður af Jöfnunarsjóði. Engin hækkun hefur orðið á þeim framlögum þrátt fyrir að fleiri börn með fötlunargreiningar hafi nýtt sér þjónustuna, bæði að vetri og sumri, og kostnaður sem fellur á sveitarfélagið hafi þannig vaxið að sama skapi.

FERÐAÞJÓNUSTA FATLAÐRA

Gerður var nýr samningur um þjónustuna á grundvelli útboðs. Kostnaður á hverja ferð hefur aukist. Á móti hefur ferðafjöldi verið í lágmarki það sem af er ári. Um þessar mundir er ferðafjöldi heldur að aukast, mest hjá eldri borgurum en einnig vegna þjónustu við einstaklinga með fötlun.



Graf 4. Kostnaður við málefni fatlaðra 2015 - 2018

ALMENNT UM MÁLAFLOKK FATLAÐRA

Í júlí árið 2016 lagði fjölskyldusvið Ísafjarðarbæjar fram áætlun og tillögur um hvernig endurskipuleggja og hagræða mætti í búsetuúrræðum og skammtí mavistun. Þær fólu m.a. í sér fækkun næturvakta og tilfærslu á skammtí mavistun frá Sindragötu í Pollgötu og breytingum á húsnæðinu sem myndu gera þetta kleift. Í áætluninum var gert ráð fyrir að kostnaðurinn vegna breytinganna myndi falla á BsVest

en hann myndi skila sér strax vegna mikilla hagræðingaráhrifa. Á árinu 2017 var fallið frá þessum áætlunum að hluta þar sem stjórn BsVest féll frá ákvörðun um að fækka stöðugildum vegna næturvakta í þeim mæli sem tillögur höfðu gert ráð fyrir. Þjónusta í frekari liðveislu hefur hækkað verulega vegna sérstakra ákvarðana í mjög þungum málum sem stjórn BsVest hefur samþykkt sérstaklega. Þetta mun verða skilgreint nánar þegar fjármagn vegna nýrra SIS mata kemur frá Jöfnunarsjóði.

FREKARI LIÐVEISLA

Spár um verulega aukningu í frekari liðveislu á árinu 2017 hafa gengið eftir. Hækkun felst í fjölgun stöðugilda sem samþykkt var af stjórn BsVest. Þetta hefur áhrif á grunnþjónustu s.s. félagslega heimaþjónustu og félagslega liðveislu sem mun koma fram í millifærslum á kostnaði milli deilda. Það bókast í lok árs.

BÚSETA SINDRAGÖTU

Búseta Sindragötu er ný búsetueining fyrir fjóra einstaklinga. Skammtí mavistun sem áður var til húsa í Sindragötu (í sem nemur tveimur íbúðum) hefur verið færð yfir í Pollgötu. Þannig hefur skapast svigrúm til þess að koma á fót tveimur nýjum búsetuúrræðum í húsinu fyrir einstaklinga með minni þjónustuþörf. Þessi tvö búsetuúrræði renna saman við eldri búsetuúrræði fyrir tvo einstaklinga með meiri þjónustuþörf. Gert er ráð fyrir einni næturvakt í húsinu í stað tveggja áður. Breytingin er samþykkt af stjórn BsVest. Ekki verður hægt að koma við fækkun á næturvöktum fyrr en í mars eða apríl árið 2018. Jafnframt er hér skráður kostnaður vegna breytinga á húsnæði kr. 626.049,- en á að vera kr. 1.031.049,-, af þeirri upphæð eru brunavarnir kr. 450.000,- og breytingakostnaður kr. 581.049,-. Þessi kostnaður verður endurkrafinn frá BsVest.

BÚSETA POLLGÖTU

Hér bókast kostnaður vegna lyftu en einnig kostnaður sem ætti að bókast á skammtí mavistun vegna breytinga á húsnæði. Kostnaðurinn vegna breytinga á skammtí mavistun er kr. 7.281.733,- en vegna lyftu kr. 8.318.096,-. Þessi kostnaður verður endurkrafinn frá BsVest.

SKAMMTÍ MAVISTUN

Skammtí mavistun var flutt frá Sindragötu yfir í Pollgötu í húsnæði sem fellur mun betur að þjónustunni. Stjórn BsVest hefur samþykkt þjónustu utan reglna sem nemur tveimur sólarhringum í mánuði og jafnframt hefur stjórnin samþykkt að næturvakt sem átti að vera sameiginleg í Pollgötunni með búsetum og skammtí mavistun skuli einungis vera í skammtí mavistun. Þetta hefur verulega kostnaðaraukningu í för með sér. Kostnaður vegna breytinga á húsnæði var fyrir mistök færður á búsetu í Pollgötu, eins og sjá má hér að ofan.

HVESTA

Stöðugleiki er í þjónustunni en starfsmönnum hefur fjölgað til dæmis vegna fleiri einstaklinga sem sækja þjónustuna, án þess að það hafi kallað á fjölgun stöðugilda.

ÖNNUR ÞJÓNUSTA FATLAÐRA, BYGGÐASAMLAG

Hér er gert ráð fyrir að greiðslur frá BsVest standi undir kostnaði vegna málefna fatlaðra, utan grunnþjónustu sveitarfélagsins. Hér er ótalinn kostnaður vegna eftirfarandi:

Í áætlunum fjölskyldusviðs, sem lagðar voru fyrir stjórn BsVest og samþykktar, var gert ráð fyrir að framkvæmdir sem fara þurfti í vegna skipulagsbreytinga og hagræðingar í málaflokki fatlaðra yrðu greiddar af BsVest í ljósi verulegra langtí mahagræðinga. Þessar áætlanir hafa tekið breytingum samkvæmt ákvörðun stjórnar BsVest, þ.e. að hagræðing upp á c.a. 30 m.kr. hefur lækkað um helming

vegna þess að fallið var frá áætlun að hluta með því að samþykkja auka næturvakt í þjónustunni. Sú ákvörðun var tekin á haustdögum 2017.

Annað sem vert er að taka fram er að Ísafjarðarbær hefur sótti um að gerast leiðandi sveitarfélag í málaflokki fatlaðra á Vestfjörðum. Þannig hefði myndast tækifæri til þess að samræma þjónustu og veita öllu fólki með fötlun þjónustu á sömu forsendum. Allir sem starfi að málefnum fatlaðra, sem og þeir sem nýta þjónustuna, hefðu sama aðgang að fagþjónustu, hvar sem þeir búa í fjórðungnum. Jafnframt væri jafnræðis gætt á milli þjónustuþega, hvar sem þeir búa í fjórðungnum. Fallið hefur verið frá þessari tillögu.

Málefni fatlaðra

	2018_áætl	2017_áætl	2016	2015
02510 Mál.fatlaðra, sameiginlegt (án innri	35.729	31.123	31.747	26.024
02550 Frekari liðveisla	43.745	26.884	27.207	23.385
02561 Búseta Fjarðarstræti	62.062	55.679	57.023	51.963
02562 Búseta Sindragötu 2	91.579	43.614	42.649	46.717
02563 Búseta Pollgata	89.034	69.938	67.573	67.381
02564 Búseta Sindragötu 1	0	41.981	40.123	48.698
02570 Skammtímavistun	35.943	38.499	34.283	37.001
02580 Hvesta	47.877	45.996	43.589	39.622
02590 Önnur þjón. fatlaðra, Byggðasamlag	1.200	0	1.111	1.118
Samtals gjöld	407.169	353.713	345.305	341.910
Endurgreiðslur frá BSV	(419.384)	(364.325)	(341.379)	(340.415)
Leiðrétt framlag milli ára			(2.016)	2.351
Leiðréttar greiðslur v. árs	(419.384)	(364.325)	(343.396)	(338.064)
Niðurstaða reksturs án þátttöku í rekstri	(12.215)	(10.611)	1.909	3.846
3% þátttaka í rekstri af heildarupphæð reksturs	12.215	10.611	10.359	10.257
Rekstrarniðurstaða málefni fatlaðra	0	0	12.268	14.103
Áætlað framlag BsVest, rekstur +3% þátttaka	419.384	364.325	355.664	352.167

Tafla 5. Málefni fatlaðra 2015 - 2018

ÝMSIR STYRKIR

Engin breyting er áætluð í stuðningi við Vesturafll, Fjölsmiðju og aðra sem hafa notið stuðnings Ísafjarðarbæjar vegna starfsemi sinnar. Góð reynsla er komin á stuðning við Stígamót sem hefur reynst einstaklingum í sveitarfélaginu mjög vel. Gert er ráð fyrir að gerður verði samningur um þjónustu Vesturaflls og Fjölsmiðju.

HLÍF - ÞJÓNUSTUÍBÚÐIR

Lyftan á Hlíf 1 er komin til ára sinna en hún er frá því að húsið var byggt. Sérfræðingar segja að ástand lyftunnar sé orðið slæmt og allskostar óviðunandi. Tíðar bilanir hafa komið upp og erfitt er að fá varahluti. Því er lögð á það áhersla að farið verði í endurbætur á lyftunni á Hlíf 1, líkt og gert var á lyftunni á Hlíf 2 á árinu 2017. Samkvæmt áætlun er gert ráð fyrir að endurbætur á lyftunni muni í heildina kosta 5,6 m.kr., þar af er kostnaður á þjónusturými um 1,2 m.kr. og kostnaður á leiguíbúðum um 3,6 m.kr. Kannað verður með þátttöku Framkvæmdasjóðs aldraðra í endurbótum lyftunnar, en það yrði væntanlega einungis þátttaka í þeim hluta kostnaðar sem fellur á þjónusturými.

Öryggiskerfið á Hlíf er síðan 2009. Þó það sé í sjálfu sér ekki svo gamalt í árum talið, þá hafa orðið hraðar tækniframfarir í öryggisbúnaði fyrir aldraða. Það er nú erfitt að fá nýja hnappa í stað þeirra sem endurnýja þarf. Slökkvilið Ísafjarðarbæjar leggur á það mikla áherslu að keypt verði nýtt öryggiskerfi fyrir öryggisvakt fyrir aldraða og er það einnig mat fjölskyldusviðs. Slökkviliðið vaktar öryggishnappana í leiguíbúðunum á Hlíf og hjá öðrum einstaklingum sem kaupa slíka þjónustu. Nú gerir slökkviliðið ráð fyrir 25% hækkun á þjónustukostnaði á árinu 2018.

Á árinu 2017 keypti Ísafjarðarbær aftur íbúð á Hlíf sem áður hafði verið í eigu sveitarfélagsins, en seld samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar á árinu 2005. Íbúðin fór í leigu frá júlí, en það skýrir hvers vegna liðurinn húsaleigutekjur er umfram áætlun á árinu 2017. Nú eru fimm íbúðir á Hlíf 1 í eigu einstaklinga. Með vísan til ákvörðunar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar um að kaupa íbúðir á Hlíf 1, gefist tækifæri til, er í framkvæmdaáætlun gert ráð fyrir kaupum á tveimur íbúðum á árinu 2018. Leiguíbúðirnar á Hlíf 1 eru nú 25 talsins. Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir endurleigu og sérstöku viðhaldi á þremur íbúðum.

Síðustu tvö ár hefur staðið til að mála utanhúss á Hlíf. Ekki fengust iðnaðarmenn til verksins á árinu 2016 og nú í ár kom upp sú staða að ekki varð hjá því komist að ráðast í endurbætur á lyftunni á Hlíf 2 og var því málun utanhúss frestað. Framkvæmdasjóður Hlífar 2 var ekki nógu burðugur til að standa einnig undir kostnaði við að mála. Því er enn á ný sótt um fjármagn til að mála á Hlíf en fjármagnið vegna þessa var ekki nýtt 2016 og 2017.

Í endurskoðun er meðferð mála húsfélaganna sem varða lög um fjöleignarhús og hvernig skuli fara með kostnaðarskiptingu með tilliti til þeirra. Þess er vænst að unnið verði eftir nýjum verkferlum á árinu 2018.

Liðurinn þátttaka í rekstri lækkar þar sem kostnaðarhlutdeild íbúa í eldhúsi/þjónusturými hefur verið aflögð. Jafnframt hefur stöðugildum í ræstingu verið fækkað á grundvelli ráðgjafar frá Starfsgreinasambandi Íslands.

Félagsleg heimaþjónusta hjá Ísafjarðarbæ er nú í endurskoðun en að því verður vikið betur hér fyrir neðan. Í þeirri vinnu hafa verðið skoðaðir möguleikar varðandi utanumhald og skráningar vegna þjónustunnar. Niðurstaða úr þeirri samanburðarvinnu er að lagt er til að keyptur verði aðgangur One Systems heimaþjónustu. One Systems er nú þegar í notkun hjá Ísafjarðarbæ og því ákveðin hagræðing af því að kaupa viðbót við það kerfi. Viðbótin kostar með uppsetningarvinnu 368 þ.kr. en síðan er kostnaður á ársgrundvelli um 250 þ.kr. One Systems heimaþjónusta mun auðvelda allt utanumhald á þjónustunni s.s. varðandi skipulag og skráningar, sem leiðir til betri yfirsýnar. Ríflega hundrað heimili í Ísafjarðarbæ hafa samning um félagslega heimaþjónustu.

ANNAÐ

1. Stefnit er að sameiningu/sambættingu félagslegrar heimaþjónustu, félagslegrar liðveislu og frekari liðveislu. Þannig verði undir einum hatti allar deildir sem veita þjónustu á einstaklingsgrunni, undir nafni heimaþjónustu. Með þessu er stigið skrefið sem gert var ráð fyrir í yfirfærslu á málefnum fatlaðra og jafnframt í frumvarpi til nýrra laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Þjónustan sem um ræðir er félagsleg heimaþjónusta, félagsleg liðveisla, akstursþjónusta, lengd viðvera/sumarþjónusta og frekari liðveisla. Nú er að skapast samvinna við heimahjúkrun um með hvaða hætti þjónustan sem kerfin (sveitarfélag/ríki) veita einstaklingum nýtist sem best. Með þessu er jafnframt gert ráð fyrir að bætt verði við One-kerfið heimaþjónustuhlutanum. Þannig haldist yfirsýn og möguleikar gefast á hagræðingu. Eftir sem áður verði haldið skýrt til haga hvað sé grunnþjónusta og hvað sé fötlunarþjónusta.
2. Nú stendur fyrir dyrum endurskoðun velferðarráðuneytis á dagdeildarplássum og þá verður Ísafjarðarbær að standa vel að málum. Tryggja þarf að þau dagdeildarpláss sem eru í

sveitarfélaginu verði hér áfram og að tækifæri skapist til að dreifa plássum eftir þörf á hvern stað. Eins og er eru plássin eyrnamerkt Ísafirði og Suðureyri. Þörf hefur skapast á Þingeyri fyrir dagdeildarpláss og það virðist einnig eiga við um Flateyri.

3. Það er áriðandi að félagsþjónustan standist nútímakröfur, viðhorf og ekki síst lagamma. Jafnframt að það skapist með því tækifæri til þess að hagræða, samþætta og bæta þjónustu. Það þarf að uppfæra tölvukerfi þannig að það verði hægt að halda utan um þjónustuna með skilvirkari hætti, einnig í tilfalli öryggishnappa en stefnt er að því að endurnýja kerfið þannig að þjónustuþegar verði öruggari í sínu daglega lífi, jafnt nætur sem daga og að það skapist svigrúm til bættrar þjónustu.
4. Ástæða er til að benda á biðlista eftir þjónustuíbúðum. Á biðlista eru einstaklingar sem hafa beðið eftir íbúð í nokkur ár en reglur ganga út frá að þeir sem eru metnir í mestri þörf þegar íbúð losnar gangi fyrir. Sextán einstaklingar eru á biðlista eftir einstaklingsíbúð og þrenn hjón, þ.e. tuttugu og tveir einstaklingar á biðlista. Tveir einstaklingar eru á biðlista eftir þjónustuíbúð á Tjörn á Þingeyri.

SKÓLA- OG TÓMSTUNDASVIÐ

Í áætlun 2018 er gert ráð fyrir 6% launahækkunum grunnskólakennara, en ósamið er við stéttina. Einnig er gert er ráð fyrir 6% hækkun annarra kennara og skólastjórnenda sem hugsanlega koma í kjölfar samninga grunnskólakennara, gert er ráð fyrir þeirri hækkun á deild 21.

FRÆÐSLUMÁL

Stöðugildum til grunn- og tónlistarskóla er úthlutað samkvæmt úthlutunarreglum og mið tekið af kennslustundalíkani. Unnið er að sambærilegu líkani fyrir leikskóla. Sérúrræði vegna barna með fatlanir er tekið sérstaklega fyrir. Breytingar milli ára geta verið misjafnlega miklar milli skóla og stofnana eftir því hvernig aðstæður eru á hverjum stað fyrir sig.

Aðrir liðir í fjárhagsáætlun en þeir sem hér eru nefndir hafa ekki tekið neinum umtalsverðum breytingum og eru sambærilegir við 2017. Gert er ráð fyrir að áfram verði haldið á að spjaldtölvuvæða skólana og endurnýja húsgögn í GÍ, í minni grunnskólunum var lokið við að endurnýja nemendahúsgögn á yfirstandandi ári.

SKÓLASKRIFSTOFA

Gert er ráð fyrir minni kaupum á sérfræðipjónustu og munar þar sérstaklega um að ráðinn hefur verið verkefnastjóri í hlutastarf sem heldur utan um innleiðingu á upplýsingatækni í grunnskólum. Undir sérfræðipjónustu falla kaup á þjónustu frá sálfræðingum, talmeinafræðingum, listmeðferðarfræðingi, Skemu og fleira.

GRUNNSKÓLAR

Áfram er gert ráð fyrir kaupum á námsgögnum fyrir nemendur samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar frá 2013. Innkaup skólanna á húsbúnaði og tölvubúnaði var lengi færður á fjárfestingar en nú er gert ráð fyrir þeim í rekstraráætlun í öllum skólum. Ljóst er að breytingar geta orðið á rekstraráætlun skóla ef breyting verður á tölvuþjónustukaupum sveitarfélagsins. Athygli er vakin á að samningar grunnskólakennara eru lausir 1. desember 2017 og óljóst hvernig þeir verða.

Gjaldskrá

Skólamatúr hækkar um 2,7% eða úr kr. 492 í kr. 505, áfram verður gefinn 10% afsláttur ef keypt er heil önn.

Stöðugildadatafla grunnskóla

Úthlutun kennslustunda tekur mið af fjölda nemenda og aldurssamsetningu í hverjum skóla. Úthlutun vegna stuðnings og sérþarfa tekur mið af sérþörfum nemenda í hverjum skóla fyrir sig. Lítil breyting er á stöðugildafjölda litlu grunnskólanna en aukning er í Grunnskólanum á Ísafirði þar sem stöðugildum fjölgar um tæplega fimm. Fjölgun kennara er vegna fjölgunar nemenda og fjölgun stuðningsfulltrúa vegna fjölgunar nemenda með veruleg frávík. Þá er 40% staða verkefnastjóra í upplýsingatækni ný inni en að sama skapi lækkar aðkeypt þjónusta á skólaskrifstofu.

Skóli	Skólaliðar		Kennarar og stjórnendur		Aðrir starfsmenn	
	2018	2017	2018	2017	2018	2017
Grunnskólinn á Ísafirði (GÍ)	6	6	37,3	33,4	14,2	12,7
Grunnskólinn á Suðureyri (GS)	0	0	6,4	6,2	1,4	1,5
Grunnskóli Önundarfjarðar (GÖ)	0,8	0,7	3,6	3,3	0,1	0,1
Grunnskólinn á Þingeyri (GP)	1,7	0	5,6	5,6	0	1,7
Samtals	8,5	6,7	52,9	48,5	15,7	16


Tafla 6. Stöðugildi grunnskóla

Próun nemendafjölda og kennslustundaúthlutunar

Síðustu ár hefur nemendum í grunnskólum fækkað töluvert í flestum skólum sveitarfélagsins, en nú er nemendum farið að fjölga aftur í Grunnskólanum á Ísafirði.

	2017-2018	2016-2017	2015-2016	2014-2015	2013-2014	2012-2013
Kennslustundir	1230	1181	1164	1167	1227	1248
Nemendafjöldi	442	431	431	426	430	483

Tafla 7. Nemendafjöldi og kennslustundaúthlutun



Graf 5. Próun nemendafjölda og kennslustundaúthlutunar frá árunum 2012 til 2018.

Fjöldi nemenda eftir skólum og kennslustundaúthlutun er mjög mismunandi eftir skólum. Börnum er nú loksins farið að fjölga aftur í GÍ og miðað við stærð árganga sem eru í leikskólum má gera ráð fyrir fjölgun næstu árin. Nokkur stöðugleiki hefur verið í nemendafjölda í GS en fækkun í GÖ og GÞ. Miðað við stærð árganga í leikskólum minni hverfanna má gera ráð fyrir einhverri fækkun á næstu árum en mismikilli þó.

	2017-2018				2016-2017				2015-2016				2014-2015			
	GÍ	GS	GÖ	GÞ	GÍ	GS	GÖ	GÞ	GÍ	GS	GÖ	GÞ	GÍ	GS	GÖ	GÞ
Nemendafjöldi	356	41	18	27	342	43	17	29	331	47	22	31	338	38	14	36
Almennur kennslust.fj.	647	102	67	102	600	102	67	102	624	107	67	102	622	102	67	102
Skiptistundir	90	16	4	4	88	8	4	4	75	8	4	9	82	13	4	9
Stuðningur & sérkennsla	144	28	7	19	147	33	7	19	119	28	7	14	118	26	6	16
Samtals kennslustundir	881	146	78	125	835	143	78	125	818	143	78	125	822	141	77	127

Tafla 8. Nemendafjöldi

Fjöldi barna í grunnskólum Ísafjarðarbæjar haustið 2017 eftir aldri

Samsetning aldurshópa í hverjum skóla fyrir sig má sjá í töflunni hér að neðan.

Börn fædd	Bekkur	GÍ	GS	GÖ	GP	Samtals
2011	1.	49	2	2	5	58
2010	2.	43	3	2	2	50
2009	3.	34	6	3	4	47
2008	4.	39	6	0	4	49
2007	5.	28	2	1	0	31
2006	6.	32	5	1	2	40
2005	7.	36	7	3	3	49
2004	8.	25	4	4	4	37
2003	9.	27	2	0	2	31
2002	10.	43	4	2	1	50
Fjöldi nemenda		356	41	18	27	442

Tafla 9. Samsetning aldurshópa

INNLEIÐING SPJALDTÖLVA

Spjaldtölvuvæðing skóla í Ísafjarðarbæ hófst haustið 2014. Í fjárhagsáætlun 2018 er gert ráð fyrir að allir nemendur í fimmta til tíunda bekk í grunnskólum Ísafjarðarbæjar hafi spjaldtölvu til afnota, en auk þess fái skólar úthlutað spjaldtölvum sem nemendur í yngri bekkjum hafa aðgang að og eru samnýttar með öðrum nemendum. Nú þegar er búið að ná þessu markmiði í minni skólunum og er að nást í GÍ árið 2018. Eftir að innleiðingu lýkur þarf að gera ráð fyrir endurnýjun fyrir um það bil einn árgang á ári. Við upphaf innleiðingar var keypt þjónusta af Skemu, aðallega í leiðsögn til kennara, en í áætlun 2018 er gert ráð fyrir minni þjónustukaupum vegna innleiðingar en í staðin kemur 40% staða verkefnastjóra. Verkefnastjórinn verður staðsettur í GÍ og laun hans eru inni í áætlun skólans.

LEIKSKÓLAR

Haustið 2017 var pláss fyrir öll börn sem náð hafa 18 mánaða aldri og gott betur því yngstu börnin sem tekin voru inn á Ísafirði voru 12-13 mánaða. Í töluverðan tíma hafa verið tekin inn 12 mánaða gömul börn í minni leikskólana. Mestu munar um nýja deild, 5 ára deild, sem bættist við leikskólann Sólborg í janúar 2017. Deildin er staðsett á jarðhæð Tónlistarskóla Ísafjarðar og hefur hún fengið nafnið Tangi, þar eru nú 50 börn. Á Sólborg verða því 110-125 börn.

Samningur er við Hjallastefnuna ehf. um rekstur á leikskólanum Eyrarskjóli. Samningurinn gerir ráð fyrir að 80% kostnaðar sé tengdur launabreytingum, samningurinn er vísitölutengdur, Hjallastefnan hefur óskað eftir endurskoðun á einingaverði. Í leikskólanum Eyrarskjóli verða um 63-67 börn í vetur.

Rekstur stóru skólanna tveggja er ill samanburðarhæfur þar sem öll elstu börnin eru á Sólborg og á báðum leikskólunum eru mjög ung börn, skólaárið er ekki eins og fjárhagsárið og nemendafjöldi því mjög breytilegur. Þá hefur stuðningur vegna nemenda með frávik töluverð áhrif. Vinna við ítarlegan samanburð hefur verið í gangi og virðist þar halla á Eyrarskjól.

Rekstrarkostnaður leikskólans Laufás á Þingeyri lækkar töluvert og skýrist það af lægri launakostnaði vegna fækkunar barna. Þá er sameiginlegur skólastjóri yfir Laufási og Grunnskólanum á Þingeyri í vetur, þar sem ekki tókst að ráða leikskólastjóra og öll laun hans færð á GP.

Líkt og grunnskólarnir hafa leikskólar verið að innleiða upplýsingatækni í meira mæli inn í skólana og eru nú spjaldtölvur á öllum deildum leikskólanna.

Gjaldskrá

Gert er ráð fyrir 2,7% hækkun á gjaldskrá leikskóla. Átta tíma vistun með fæði hækkar úr 35.329 kr. í 36.283 kr. án allra niðurgreiðslna.

Systkinaafsláttur

Í dag er veittur 30% afsláttur af vistgjöldum barns númer tvö og 100% afsláttur af vistgjöldum barns númer þrjú og börnum umfram þann fjölda. Systkinaafsláttur er veittur af vistgjöldum barna sem eru hjá dagforeldri, í leikskóla eða í Dægradvöl.

Stöðugildatafla leikskóla

Stöðugildi í leikskólum eru nokkuð stöðug.

Skóli	Stuðnings-	Stuðnings-	Kennarar	Kennarar	Aðrir	Aðrir
	fulltrúar	fulltrúar	og	og	starfsmenn	starfsmenn
	2018	2017	stjórnendur	stjórnendur	2018	2017
	2018	2017	2018	2017	2018	2017
Sólborg	2,4	1,7	27	29	1,9	2
Tjarnarbær	0	0	5	4,9	0,9	1,3
Grænigarður	0	0	3,3	3	0,6	1
Laufás	0	0	2	3,4	1,7	1,2
Samtals	2,4	1,7	37,3	40,3	5,1	5,5

Tafla 10. Stöðugildi leikskóla. ATH: Ný tafla í vinnslu.

Fjöldi barna í leikskólum Ísafjarðarbæjar haustið 2017 eftir aldri

Samsetningu aldurshópa í hverjum leikskóla fyrir sig má sjá í töflunni hér að neðan. Einnig má sjá samanburð frá hausti 2016. Það eru laus pláss á leikskólum og áður en árið verður liðið verður búið að bjóða öllum börnum fæddum árið 2016 leikskólapláss. Þá verða um 210 börn í leikskólum sveitarfélagsins eða um 20 börnum fleiri en á sama tíma fyrir ári.

Börn fædd	Sólborg	Eyrarskjól	Tjarnarbær	Grænigarður	Laufás	Samtals
2012	50	0	2	0	2	54
2013	16	9	7	4	2	38
2014	15	13	3	0	6	37
2015	14	20	3	1	0	38
2016	6	21	4	4	1	36
Fjöldi nemenda	101	63	19	9	11	203

Töflur 11 og 12. Fjöldi barna í leikskólum 2017 (að ofan) og 2016 (að neðan)

Börn fædd	Sólborg	Eyrarskjól	Tjarnarbær	Grænigarður	Laufás	Samtals
2011	24	21	2	2	4	53
2012	18	25	2	0	2	47
2013	16	10	7	3	1	37
2014	15	12	2	0	3	32
2015	5	6	6	5	0	22
Fjöldi nemenda	78	74	19	10	10	191

Á árinu 2016 voru á Grænegarði 4 börn frá Ísafirði og á Tjarnarbæ voru 3 börn frá Ísafirði.

DAGFORELDRAR

Ísafjarðarbær greiðir niður vistun barna sem eru hjá dagforeldrum. Miðast greiðslan við hversu margar klukkustundir barnið er í vistun dag hvern. Niðurgreiðslan er hærri til forgangshópa og foreldra barna sem orðin eru 18 mánaða og hafa ekki fengið leikskólalátt í sínu skólahverfi, sú niðurgreiðsla hefst í mánuðinum eftir að barn hefur náð 18 mánaða aldri. Matarkostnaður hjá dagforeldrum er ekki niðurgreiddur.

	2016	2017	2018
<i>Niðurgreiðsla almenn gjöld að 18 mánaða aldri</i>	4.192	4.293	4.409
<i>Niðurgreiðsla almenn gjöld frá 18 mánaða aldri</i>	6.870	7.035	7.225
<i>Niðurgreiðsla forgangshópa að 18 mánaða aldri</i>	5.673	5.809	5.966
<i>Niðurgreiðsla forgangshópa frá 18 mánaða aldri</i>	6.988	7.156	7.349

Tafla 13. Niðurgreiðsla vegna dagforeldra

DÆGRADVÖL

Dægradvöl er til húsa að Austurvegi 9 í því húsnæði sem áður hýsti 5 ára deild, GÍ og bókasafn. Með fjölgun barna hefur hún sprengt utan af sér húsnæði sitt og er mikilvægt að bæta úr því sem fyrst. Húsnæðið er hugsað fyrir um 50 börn og hefur það dugað vel þar til í vetur þar sem skráð eru 70 börn í 1.-2. bekk. Það skal þó tekið fram að aldrei eru 50 börn þar inni í einu. Nú er ljóst að á næsta ári verða 100 börn í 1.-2. bekk og ef horft er til þess að bjóða þjónustuna fyrir börn í 1.-4. bekk, eins og flest sveitarfélög gera, er um að ræða allt að 180-190 börn. Hvert barn í Dægradvöl kostar sveitarfélagið í dag um 200.000 kr. á ári. Í fjárfestingaráætlun er gert ráð fyrir því að Dægradvöl fái til afnota ónotað rými í Grunnskólanum á Ísafirði en gera þarf breytingar þannig að rýmið henti starfsemi.

TÓNLISTARSKÓLAR

Ísafjarðarbær greiðir launakostnað tveggja tónlistarskóla. Stöðugildum er úthlutað samkvæmt úthlutunarlíkani og breytist fjöldi stöðugilda ekki á milli ára. Í áætluninni er gert ráð fyrir aukningu upp á eitt stöðugildi til TÍ sem skýrist af fjölgun nemenda. Laun tónlistarkennara hækkuðu töluvert árið 2017. Sveiflur eru í framlagi Jöfnunarsjóðs og fer framlagið eftir fjölda söngnemenda á miðstigi eða framhaldstigi og hljóðfæranemenda á framhaldsstigi. Árið 2017 var gert ráð fyrir 16.650.000 kr. í greiðslur frá Jöfnunarsjóði vegna tónlistarkennslu, það sem af er ári eru greiðslurnar orðnar 12.968.876 kr. en óljóst hverjar þær verða þegar upp er staðið. Í áætlun 2018 er gert ráð fyrir 17.578.000 kr. í greiðslur frá Jöfnunarsjóði vegna tónlistarkennslu.

STJÓRNSÝSLU- OG FJÁRMÁLASVIÐ

SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR

Á málaflokk 21 er færður kostnaður af stjórnsýslu- og fjármálasviði Ísafjarðarbæjar auk ýmiss sameiginlegs kostnaðar sem er ekki hluti af almennum rekstri bæjarins. Hluti sameiginlegs kostnaðar er síðan færður á aðrar deildir með millifærslum ýmist með tilliti til fjölda starfsmanna, fjölda launafærslna, fjölda reikninga eða fjölda bókhaldsfærslna. Gert er ráð fyrir að launakostnaður bæjarskrifstofa hækki um 14,5 m.kr. þar sem m.a. er gert ráð fyrir að ráða sérfræðing til starfa við innleiðingu nýrra persónuverndarlaga sem hefur mikla þýðingu fyrir sveitarfélagið. Enn fremur er gert ráð fyrir auknum sérfræðikostnaði vegna sama verkefnis.

Í fjárhagsáætlun 2017 var gert ráð fyrir að lífeyrisskuldbindingar myndu hækka um 126 milljónir. Með nýjum útreikningum um áfallnar lífeyrisskuldbindingar var ljóst að þær myndu hækka u.þ.b. 40 m.kr. minna en áætlað var í áætlun 2017. Áætlun fyrir hækkun milli ársins 2017 og 2018 er enn lægri eða 64 m. kr.

Sveitarstjórnarkosningar verða á árinu 2018 og farið verður í tölvuendurskoðun sem verður framkvæmd meðfram endurskoðun á ársreikningi 2017.

Enn er óljóst með móttframlag í lífeyrissjóði vegna breytinga á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Útreikningar liggja ekki fyrir.

Gert er ráð fyrir óbreyttum fjölda stöðugilda á bæjarskrifstofum, þó þarf að skoða hlutverk persónuverndarfulltrúa og hvert hlutverk hans þarf að vera í tengslum við breytingar á lögum um persónuvernd. Gert er ráð fyrir að halda áfram endurnýjun skrifborða, stóla og skjalaskápa.

STARFSMANNAKOSTNAÐUR

Framlag Ísafjarðarbæjar er áætlað 2,4 m.kr. í árshátíð starfsmanna, 2,7 m.kr. í starfsdag og 1,3 m.kr. í greiðslu íþróttastyrks. Gert er ráð fyrir heilsufarsskoðun fyrir starfsmenn og að allir starfsmenn Ísafjarðarbæjar fái litla jólagjöf. Gert er ráð fyrir breytingum á þróunar- og starfsmenntasjóði, þannig að hann veiti einungis heimild fyrir starfsfólk til að vera í staðarlotum á launum, að fengnu samþykki yfirmanns og sviðsstjórafundar.

Á deildinni „Óvenjulegir liðir“ (27100) er áætlaður veikindapottur upp á 44,5 m.kr. auk 20 m.kr. í ófyrirséðan kostnað.

UPPLÝSINGAKERFI

Upplýsingakerfi sveitarfélagsins eru nú öll rekin undir einni deild og gerir áætlun 2018 ráð fyrir 51,3 m.kr. vegna þeirra. Gert er ráð fyrir uppfærslu á One Systems og innleiðingu nýs launakerfis. Öllum kostnaði upplýsingakerfa er deilt niður á deildir í samræmi við notkun á tölvubúnaði og upplýsingakerfum.

MENNINGARMÁL

Safnahúsið mun auka starfsemi sína og er gert ráð fyrir aukningu á fjárhagsliðum er tengjast viðburðum, sýningum o.fl. Gert er ráð fyrir aukningu stöðugilda um 0,3 vegna aukinna umsvifa í skjalasafni. Byggðasafn Vestfjarða leigir ekki lengur skrifstofu í Safnahúsinu og því eru áætlaðar leigutekjur lægri. Safnahúsið gerir ráð fyrir í fjárhagsáætlun sinni að geymsluhúsnæði í Norðurtanga sé í notkun.

Kostnaður við Byggðasafn Vestfjarða hefur verið að hækka og því ljóst að framlag Ísafjarðarbæjar til Byggðasafnsins mun hækka.

Samningur er til staðar við Kómedíuleikhúsið og er áætlað 1,85 milljónir fyrir honum.

Haldið verður áfram að gera upp útilistaverk í Ísafjarðarbæ skv. áætlun tæknideildar.

Gert er ráð fyrir að aðrar hátíðir í bænum kosti 4,6 milljónir. Meðal þeirra hátíða eru viðburðir í kringum jól, áramót, páska og 17. júní auk ýmissa viðburða á vegum annarra en Ísafjarðarbæjar sem eru styrktir með fjárframlagi eða vinnuframlagi.

ATVINNU- OG FERÐAMÁL

Áætlaðar eru 3 m.kr. í úrræði í atvinnumálum, sem varða ýmis úrræði í samstarfi við Vinnumálastofnun. Jafnframt eru áætlaðar 3 m.kr. í verkefnapening fyrir atvinnu- og menningarmálanefnd, sem hægt er að nota í ýmis verkefni á sviði atvinnu- og menningarmála, m.a. úrræði fyrir atvinnulausa, málefni skapandi greina, fyrirmyndar íbúa, fundi með fyrirtækjum o.s.frv. Gert er ráð fyrir styrk til Koltru að fjárhæð 0,65 m.kr. og framlags til Markaðsstofu Vestfjarða upp á 3,5 m.kr. Auglýsingar vegna ferðamála eru áætlaðar 0,5 m.kr. og styrkir í tengslum við ferðamál 0,1 m.kr. Gert er ráð fyrir 0,6 m.kr. frumkvöðlastyrkjum og samningi við FabLab að fjárhæð kr. 4,4 m.kr. Lagt er til að ráða tvo sumarstarfsmenn á Upplýsingamiðstöðina í stað eins vegna fleiri skemmtiferðaskipa.

UMHVERFIS- OG EIGNASVIÐ

Umhverfis- og eignasvið Ísafjarðarbæjar hefur umsjón með öllum verklegum framkvæmdum, hreinlætismálum, skipulags- og byggingarmálum, umferðar- og öryggismálum, umhverfismálum, eignasjóði Ísafjarðarbæjar og Fasteignum Ísafjarðarbæjar. Undir umhverfis- og eignasvið heyrir einnig þjónustumiðstöð, vatnsveita, fráveita og Funi sorpeyðingarstöð.

HREINLÆTISMÁL

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða

Lögbundið framlag Ísafjarðarbæjar er áætlað 16,7 m.kr. árið 2018 og hefur hækkað um 5 m.kr. frá árinu 2015.

Sorphirða og sorpeyðing

Samningur um sorphirðu og sorpeyðingu rennur út um áramótin 2017/2018. Gert er ráð fyrir að kostnaður við nýjan samning geti numið um 86,0 m.kr., einnig er gert ráð fyrir að kaupa innhengd ílát fyrir söfnun lífræns úrgangs og viðbótar tunnur vegna nýs samnings, en heildarkostnaður við ílát og tunnur er áætlaður 5,6 m.kr.

SKIPULAGS- OG BYGGINGARMÁL

Tæknideild

Kostnaður við verkfræði- og arkitektþjónustu hækkar milli ára um 1,5 m.kr. vegna gerðar húsnæðisáætlunar. Hluta af vinnu við húsnæðisáætlun er nú þegar lokið og er heildarkostnaður árið 2018 er áætlaður 2,1 m.kr.

Aðalskipulag

Kostnaður við verkfræði- og arkitektþjónustu hækkar um 8 m.kr. á milli ára og er áætlaður 10 m.kr. árið 2018. Hækkunin kemur til vegna kostnaðar við endurskoðun aðalskipulags Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Endurgreiðslur úr Skipulagssjóði eru áætlaðar 5 m.kr. eða 50% af kostnaði við endurskoðun aðalskipulagsins. Gert er ráð fyrir að ferlið taki tvö ár, 2018 og 2019 og heildarkostnaður verði um 20 m.kr.

Deiliskipulag

Kostnaður við verkfræði- og arkitektþjónustu hækkar um 2 milljónir milli ára og er áætlaður 4,3 milljónir árið 2018. Hækkunin kemur til vegna deiliskipulags Eyrarinnar og Holtahverfis á Ísafirði.

Byggingarfulltrúi

Laun hjá embætti byggingarfulltrúa hækka um 8,3 m.kr. þar sem gert er ráð fyrir nýjum starfsmanni við embættið. Aðrar tekjur af leyfum, stöðu- og framkvæmdaleyfisgjöldum, hækka um 2,2 m.kr. og eru áætlaðar 3,5 m.kr. árið 2018.

UMFERÐAR- OG ÖRYGGISMÁL

Gatnagerðargjöld


Gert er ráð fyrir 22 m.kr. í tekjur af gatnagerðargjöldum af götum sem byggðar eru upp áður en götur voru eignfærðar, s.s. Sindragötu og Hafnarstræti.

Viðhald gatna

Helstu kostnaðarliðir eru tilfallandi viðhald og 20 milljónir í áframhaldandi átak í viðhaldi á gangstéttum í sveitarfélaginu. Heildarkostnaður við viðhald gatna, að meðtöldu átaki í gangstéttum, er áætlaður um 34 milljónir árið 2018.

Snjómokstur og hálkueyðing

Kostnaður við snjómokstur og hálkueyðingu er nokkuð breytilegur milli ára og er gert ráð fyrir að kostnaður verði 22,2 milljónir árið 2018. Samkvæmt áætlun 2017 m/viðaukum er gert ráð fyrir 24,2 milljónum í snjómokstur og hálkueyðingu en allt bendir til þess að kostnaður verði undir 20 milljónum.



Graf 6. Kostnaður við snjómokstur og hálkueyðingu 2014 til 2016 ásamt áætlun 2017 og 2018.

Almenningssamgöngur

Árið 2017 var undirritaður nýr samningur við Vestfirskar ævintýraferðir ehf. um almenningssamgöngur í Ísafjarðarbæ. Inni í samningnum er akstur á kvöldin í tengslum við opnun félagsmiðstöðva. Heildarkostnaður árið 2018 er áætlaður 42 milljónir.


UMHVERFISMÁL

Fjárgirðingar og fjárréttir

Mikil þörf er á úrbótum á fjárgirðingum í sveitarfélaginu og hefur ástand þeirra verið tekið út og metið árið 2016. Gert er ráð fyrir að kostnaður við viðhald á fjárgirðingum og fjárréttum verði 6,7 milljón árið 2018 og hafi þá aukist um 1 milljón á milli ára.

EIGNASJÓÐUR

Viðhaldi á eignum eignasjóðs Ísafjarðarbæjar hefur verið of lítið á undanförunum árum. Uppsöfnuð þörf, fyrir meira en tilfallandi viðhald, hefur því myndast. Árið 2017 varð breyting þar á og voru settar 106,9 milljónir í viðhald á eignum eignasjóðs, sem er töluverð aukning frá fyrri árum og rúmlega 42 milljónum meira en árið 2016. Áfram er áætlað í tilfallandi viðhald en umfram það er áætlað að fara í brýnustu verkefni sem beðið hafa vegna fjárskorts. Helstu verkefni utan tilfallandi viðhalds eru endurmálun og lagfæring á málningu, lagfæringar á þökum og gólfdukkaskipti.



Graf 7. Viðhaldskostnaður eignasjóðs 2014 – 2018

Tekið hefur verið saman yfirlit yfir áætlað viðhald niður á deildir, í töflu hér að neðan má sjá áætluðu viðhaldi skipt niður í tilfallandi viðhald og sérverkefni.

Viðhald Eignasjóðs Ísafjarðarbæjar 2018

Verkefni	Skýring	Áætlaður kostn.	Tilfalland i viðhald	Sér verkefni
Skólahúsnaði Ísafirði	Tilfallandi viðhald, lóð Eyrarskjól, hljóðvist og þakg. Sólborg, skipta um gler ofl. GÍ	37.400	9.400	28.000
Skólahúsnaði Flateyri	Tilfallandi viðhald.	3.200	3.200	0
Skólahúsnaði Þingeyri	Tilfallandi viðhald, lýsing og málun úti og inni grunnskólanum og þak viðgerð Laufási.	5.500	1.500	4.000
Skólahúsnaði Suðureyri	Tilfallandi viðhald, skipta um glugga/gler Tjarnarbæ, dúkur kennslust. og málun GS	20.600	2.600	18.000
Íþróttamannvirki Ísafirði	Tilfallandi viðhald, málningarv. inni og úti, þakkantur og ofnakerfi Torfnesi.	11.300	3.300	8.000
Íþróttamannvirki Flateyri	Tilfallandi viðhald og lagfæring á lofti íþróttahúss vatnslögn sundlaug	4.000	1.000	3.000
Íþróttamannvirki Þingeyri	Tilfallandi viðhald.	3.200	3.200	0
Íþróttamannvirki Suðureyri	Tilfallandi viðhald og lekaviðgerðir	3.000	3.000	0
Þjónustubýggingar Ísafirði	Tilfallandi viðhald, laga aðgengi hreyfihamlaðra, þak slökkvistöð	8.800	2.200	6.600
Þjónustubýggingar innskatt.	Tilfallandi viðhald	200	200	0
Þjónustubýggingar Flateyri	Tilfallandi viðhald	1.300	1.300	0
Þjónustubýggingar Þingeyri	Tilfallandi viðhald	400	400	0
Opnir leikvöllir	Tilfallandi viðhald	2.000	2.000	0
Aðrar eignir	Tilfallandi viðhald Sundstræti 14 og Engi	700	700	0
Friðlýst hús os söfn	Tilfallandi viðhald, neðsti stokkur í Tjöruhúsi og steypa undir norður hlið Faktorshús	1.100	-5.900	7.000
		102.700	28.100	74.600

Tafla 14. Áætlað viðhald Eignasjóðs Ísafjarðarbæjar árið 2018

ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ

Gert er ráð fyrir auknum kostnaði í viðhald á húsnaði áhaldahússins. Stærsta verkefnið í viðhaldi húsnaðisins er 1,4 m.kr. í uppsetningu á varmadælum. Orkukostnaður áhaldahússins er áætlaður 2,3 m.kr. og standa vonir til að hægt verði að ná orkukostnaði niður um a.m.k. 50% eftir uppsetningu varmadæla.

FUNI FASTEIGNIR

Gert er ráð fyrir 5 milljónum í viðhald á gámum og útisvæði Funa í kjölfar útboðs á sorphirðu og förgun.

FRÁVEITA

Gert er ráð fyrir auknum kostnaði í viðhald holræsa. Árið 2018 er gert ráð fyrir að mynda og fódra lagnir fyrir 11,5 m.kr., ásamt því eru áætlaðar um 7,0 m.kr. í tilfallandi viðhald.


VATNSVEITA

Vatnsveita Ísafjarðar hefur hingað til sent viðskiptavinum sínum reikninga ársfjórðungslega. Árið 2018 er ætlunin að setja upp fjarléstrarmæla og gefa út reikninga mánaðarlega. Kostnaður við uppsetningu nýrra mæla er áætlaður 5,0 m.kr.

FASTEIGNIR ÍSAFJARÐARBÆJAR

Frá stofnun Fasteigna Ísafjarðarbæjar hefur Ísafjarðarbær þurft að leggja félaginu til viðbótar rekstrarfé. Um mitt ár 2016 var öllum leigusamningum sagt upp og leigufjárhæðir hækkaðar, leigutakar voru ýmist með 6 mánaða eða 12 mánaða uppsagnarfrest. Til grundvallar hækunar á leigu var stuðst við skýrslu frá Varasjóði húsnæðismála þar sem fram kemur meðalleiga á landinu að undanskildu höfuðborgarsvæðinu, einnig var leiga samræmd þar sem mikið ósamræmi var í leiguverði þ.e. kr./m². Meðalhækkun á leigu var um 15%. Í júlí 2017 voru allir leigusamningar Fastís ehf. komnir á uppfært leiguverð.

Þar sem stór hluti samninga uppfærðist um mitt ár 2017 var gert ráð fyrir að rekstrarframlag Ísafjarðarbæjar yrði um 4,7 milljónir árið 2017. Árið 2018 er gert ráð fyrir framlagi uppá 10,5 milljónir sem koma til vegna 6,0 milljóna í auknið tilfallandi viðhald, aukins verðbótakostnaðar að fjárhæð 3,4 milljónir og hærri fasteignagjalda.



Graf 8. Rekstrarframlag til Fastís 2014 - 2018

SLÖKKVILIÐ ÍSAFJARÐARBÆJAR


Slökkvistjóri telur óhagræði vera af núverandi mönnun slökkvistöðvar og leggur áherslu á að fjórði starfsmaðurinn verði fastráðinn eins fljótt og auðið er. Í dag eru fastir starfsmenn þrír, að slökkvistjóra meðtöldum. Sem dæmi um óhagræði af núverandi mönnun má nefna að auka maður er tekinn inn á stöðina vegna sjúkraflutninga þegar stöðvarmaður fer í eldvarnareftirlit á aðra staði í sveitarfélaginu. Nýtt stöðugildi mun minnka þörf á aukamönnun og afleysingum á slökkvistöð. Gert er ráð fyrir að tveir menn verði ráðnir í sumarafleysingar en ef breytingar verða á fjölda fastráðninga má fella niður eina afleysingastöðu yfir sumarleyfistímann.

Með minni afleysingum í veikindum og frítöku mun annar launakostnaður lækka sem nemur a.m.k. um 70% stöðugildi. Sparnaður gæti jafnvel orðið meiri því að í dag eru álag mikið og veikindi tíð. Aukin afkastageta mun jafnframt geta nýst til verka því þörfin er mikil. Mannvirkjastofnun telur t.d. að 100 eftirlitsskoðanir kalli á heilt stöðugildi og á starfssvæði slökkviliðs Ísafjarðarbæjar er þörf fyrir um 200-300 eftirlitsskoðanir.

HAFNARSJÓÐUR


SKEMMTIFERÐASKIP

Gert er ráð fyrir enn frekari fjölgun skemmtiferðaskipa á árinu 2018 og að þau verði nokkuð yfir hundrað skip, sem enn mun styrkja afkomu hafnarsjóðs. Á árinu 2017 skiluðu sér 94 skemmtiferðaskip til Ísafjarðar, af 106 bókuðum skipakomum, og er það mesti fjöldi sem komið hefur til Ísafjarðar.



Graf 9. Komur skemmtiferðaskipa til Ísafjarðar 1998 - 2018

SJÁVARAFLI




Graf 10. Tekjur hafnarsjóðs 2011 - 2016

Talið er að landaður afli ætti að verða nokkuð meiri árið 2018 en 2017 þar sem flutningur þorsk-aflaheimilda milli fiskveiðirána þann 1. september 2017 var 30% í stað 15% venjulega. Árið 2017 byrjaði með löngu sjómannaverkfalli sem hafði gífurleg áhrif á tekjustreymi hafnarsjóðs. Sterkt gengi krónunnar og lágt fiskverð dró einnig úr hvatningu til fiskveiða. Fyrstu fjórir mánuðir ársins voru með 10 m.kr. minni tekjur en gert var ráð fyrir sem að mestu voru afleiðingar verkfallsins en einnig kom þar til breytt róðramynstur heimaflotans eftir verkfall. Heimaflotinn ætti að skila mun meiri afla í land þegar nýtt skip Hraðfrystihússins – Gunnvarar, Páll Pálsson, verður kominn heim en Stefnir hefur verið einn í hráefnisöflun fyrir frystihús HG.

Um mitt sumar 2017 byrjuðu aðkomutogarar að landa hjá Ísafjarðarhöfnum en HB Grandi landaði hér frá júní til ágúst tvisvar til þrisvar í viku og slagar það hátt í þann afla sem gert var ráð fyrir frá áramótum. Einnig lönduðu talsvert mörg aðkomuskip á Ísafirði á haustmánuðum. Vonir standa því til að tekjur geti orðið jafn háar og gert var ráð fyrir í síðustu fjárhagsáætlun.

Heldur hefur dregið úr útgerð smábáta á öllum starfsstöðum hafnarinnar og er sennilega um að kenna lélegu fiskverði framan af árinu. Fiskverð hefur heldur verið að stíga seinni hluta árs 2017 og mun það einnig hjálpa til við að vega upp á móti lækkuðum tekjum. Óljóst er hvort fiskverð muni hækka til samræmis við það sem það var áður en verkfall skall á í desember 2016, en gengismál hafa þar mikil áhrif.



Graf 11. Tekjur, gjöld og rekstrarafgangur hafnarsjóðs 2011 - 2016

FRAMKVÆMDIR

Áfram er gert ráð fyrir því verkefni að lengja Sundabakka um 300 metra ásamt dýpkun. Góð samvinna hefur verið við Vegagerðina um undirbúning og er unnið að því að koma verkinu á samgönguáætlun.

Verkefnið stuðpúði/þybba við Mávagarð er aftur á dagskrá árið 2018 þar sem ekki tókst að vinna verkið árið 2017. Verkið var boðið út og bærust tvö tilboð í verkið, uppá 46 m.kr. og 69 m.kr en kostnaðaráætlun var 46 m.kr. Hærra tilboðinu var strax hafnað en sá sem fékk þá verkið sagði sig síðar frá tilboðinu og hefur verkið verið í pattstöðu síðan. Vonir standa til þess að samningar náist um að klára verkið á árinu 2018.

Fyrirhugað er að fara í seinni hluta endurbyggingar löndunarkants á Suðureyri og að það verk verði boðið út, en það er á samgönguáætlun 2018.

Til stendur að lengja um 10 metra Hornstrandabryggju sem er tréflotbryggja við Sundahöfn. Einnig er ætlunin að kláruð verði endurbygging gamla olíumúla, vinna við það hefur staðið yfir í tvö ár og allt timbur til verksins hefur þegar verið keypt.

Stefnt er að því að endurnýja löndunarkrana á Flateyri. Eldri kraninn þar er mjög viðhaldsfrekur, enda kominn vel til ára sinna.

Gert er ráð fyrir að halda áfram að endurnýja bílaflota Hafna Ísafjarðarbæjar og skipta út gamalli og viðhaldsfrekri Kia bifreið.

FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD

VAXTATEKJUR

Hér eru bókaðar allar vaxtatekjur sem Ísafjarðarbær fær. Stærsti liðurinn eru reiknaðar vaxta- og verðbótatekjur af innri lánum aðalsjóðs sem gera 63,9 m.kr. Við útreikninginn er miðað við 3,4% vexti. Þá er reiknað með að verðbólga verði 2,7% en það er í samræmi við þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá því í vor.

Varðandi aðrar vaxtatekjur er reiknað með að vanskil viðskiptavina verði minni en á árinu en á móti er gert ráð fyrir hærri vaxtatekjum af innistæðum.

TEKJUR AF EIGNARHLUTUM

Hér er gert ráð fyrir arði af eign bæjarins í Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 15 m.kr.

VAXTA- OG VERÐBÓTAGJÖLD

Við útreikning vaxta- og verðbótagjalda er reiknað með að verðbólga verði 2,7%.

Gert er ráð fyrir lántöku á árinu upp á 680 milljónir króna í formi verðtryggs jafngreiðsluláns Lánasjóðs Sveitarfélaga (LSS 24). Um er að ræða lán til 8 ára á föstum 3,55% vöxtum. Ekki er til staðar uppgreiðsluákvæði en afborgun er tvisvar á ári.

FJÁRFESTINGAR

Á árinu 2018 er áætlað að fjárfestingar Ísafjarðarbæjar nemi 1.475 m.kr., áætlaður beinn kostnaður sveitarfélagsins er 850 milljónir króna, en verkefni sem falla undir ofanflóðavarnir og hafnarmannvirki eru 50% til 90% ríkisstyrkt. Á neðangreindri töflu má sjá lista yfir áætluð verkefni. Áætlað er að veita 61 milljónum króna í hafnarmannvirki, 63,3 m.kr. í ofanflóðavarnir, 430 m.kr. í skóla- og íþróttamannvirki, 134,5 m.kr. í götur, stíga og veitur, 35 m.kr. í kaup á tækjum, 47,2 m.kr. í annað húsnæði, 12 m.kr. í hverfisráðin, 12 m.kr. í uppbyggingarsamninga og að lokum er áætlað að veita 55 m.kr. í önnur verkefni.

Fjárfestingar árið 2018

Verkefni	Skýring	Áætlaður kostn.	Endurgreiðslur	Fjárfesting
Kubbi	Uppsetning stoðvirkja	605.000	-544.500	60.500
Gleiðarhjalli	Mótvægisáðgerðir vegna snjóflóðavarna	20.000	-18.000	2.000
Ofanflóðavarnir í Hnífsdal	Varnir sunnanmegin í Hnífsdal, Hádegissteinn ...	8.000	-7.200	800
Sundabakki Ísafjarðarhöfn	Uppbygging og landfylling	12.500	-7.500	5.000
Reiðhöll	Hlutfé í reiðhöll í Engidal	15.000		15.000
Leikskólar	Viðbygging Eyrarskjól	10.000		10.000
Tangagata	Hellulögn (Þvergata/Austurvegur)	43.000		43.000
Hverfisráð	Framkvæmdafé til hverfisráða Ísafjarðarbæjar	12.000		12.000
Uppbyggingarsamningar	Uppbyggingarsamningar við íþróttafélög	12.000		12.000
Malbikun	Malbikun gatna í Ísafjarðarbæ	30.000		30.000
Annað	Ófyrirséð	40.000		40.000
Torfnes	Gervigrasvöllur/boltahús	130.000		130.000
Sindragata 4a, leiguíbúðir	Leiguíbúðir stofnframlag, Sindragata 4a	37.200		37.200
Dægradvöl	Breytingar innanhúss GÍ	30.000		30.000
Gatnagerð, Akurtunga	Akurtunga - gatnagerð	25.000		25.000
Sundahöfn - grjótvörn	Grjótvörn á opnum kanti Sundahöfn	2.000		2.000
Löndunarkrani FL	Nýr krani á Flateyri	7.000		7.000
Hornstrandabryggja, lenging	Hornstrandabryggja, flotbryggja Sundahöfn	5.000		5.000
Bifreið, Höfn	Ný bifreið, endurnýjun	4.000		4.000
Mávagarður	Stuðpúði/þybba Mávagarður	40.000	-24.000	16.000
Löndunarkantur á SU	Löndunarkantur á Suðureyri	40.000	-24.000	16.000
Olíumúli -	Lokafrágangur	6.000		6.000
Oddavegur FL	Gatnagerð, nýbygging götu	10.000		10.000
Göngustígar Ísafjarðarbær	Nýir göngustígar skv. skipulagi	20.000		20.000
Þjónustuhús tjaldsvæði ÞI	Nýtt þjónustuhús ÞI seinni áfangi	10.000		10.000
Bifreið, áhaldahús	Ný bifreið, pallbíll, endurnýjun	5.000		5.000
Malbikun Urðarvegsbrekka	Urðarvegsbrekka, malbikun	6.500		6.500
Slökkvibíll FL	Endurnýjun á slökkvibílum á Flateyri	20.000		20.000
Björgunarbúnaður	Endurnýjun á björgunar- og klippibúnaði	5.000		5.000
Bifreið, ÞI skólabíll	Skólabíll til að sækja börn og mat - Benz	5.000		5.000
Skólalóð GÍ	Lokafrágangur á skólalóð GÍ - leiktæki	30.000		30.000
Skólalóð GÖ FL	Lokafrágangur á skólalóð GÖ - undirlag ofl	30.000		30.000
Viðbygging íþróttahúsið Torfnesi	Ný aðstaða í íþróttahúsinu á Torfnesi	200.000		200.000
		1.475.200	-625.200	850.000

Tafla 1. Áætlaðar framkvæmdir árið 2018

Rekstraryfirlit málaflokka
Fjárhagsáætlun 2018

	Framlög		Tekjur samtals	Laun og launat.gj.	Önnur rekstrar-gjöld	Afskriftir	Gjöld samtals	Fjármagns-liðir nettó	Rekstrar	Rekstrar	Misc.	
	Skatttekjur	Jöfnunar-sjóðs							Aðrar tekjur	niðurstaða áætlun 2018		niðurstaða áætlun 2017
Aðalsjóður												
00 - Skatttekjur	(2.426.212)	(854.032)	(3.280.243)			0	0	0	(3.280.243)	(2.997.571)	(282.672)	
02 - Félagsþjónusta			(496.186)	(496.186)	499.214	259.639	0	758.853	0	262.667	240.966	21.701
04 - Fræðslumál			(121.271)	(121.271)	1.091.455	640.570	0	1.732.026	0	1.610.755	1.574.889	35.865
05 - Menningarmál			(18.408)	(18.408)	66.971	136.518	0	203.488	0	185.080	182.454	2.627
06 - Æskulýðs- og íþróttamál			(150.965)	(150.965)	190.136	439.690	0	629.825	0	478.860	514.306	(35.446)
07 - Brunamál og almannavarnir			(48.376)	(48.376)	87.427	62.012	0	149.439	0	101.063	85.008	16.055
08 - Hreinlætismál			(94.971)	(94.971)		116.797	0	116.797	0	21.826	24.223	(2.397)
09 - Skipulags- og byggingarmál			(29.912)	(29.912)	37.623	51.699	0	89.321	0	59.410	43.283	16.127
10 - Umferðar- og öryggismál			(28.508)	(28.508)		222.633	0	222.633	0	194.125	195.767	(1.641)
11 - Umhverfismál			(5.879)	(5.879)	15.019	53.848	0	68.867	0	62.988	59.964	3.024
13 - Atvinnumál			(11.010)	(11.010)	16.138	45.710	0	61.848	0	50.838	48.560	2.279
21 - Sameiginlegur kostnaður			(126.249)	(126.249)	365.005	202.860	0	567.865	0	441.616	411.226	30.390
27 - Óvenjulegir liðir			0	0	44.500	20.000	0	64.500	0	64.500	2.926	61.574
28 - Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			0	0		12.321	0	12.321	(91.567)	(79.246)	(87.701)	8.454
Aðalsjóður samtals	(2.426.212)	(854.032)	(1.131.735)	(4.411.978)	2.413.488	2.264.296	0	4.677.783	(91.567)	174.238	298.299	(124.061)
Aðrir sjóðir A-hluta												
31 - Eignasjóður, rekstur			(664.128)	(664.128)	13.278	171.209	131.367	315.855	180.330	(167.943)	(265.168)	97.225
33 - Þjónustumiðstöð, rekstur			(93.485)	(93.485)	92.266	38.567	2.601	133.434	0	39.949	31.378	8.571
Millifærslur A-hluta			1.048.151	1.048.151	0	(1.048.151)	0	(1.048.151)	0	(0)	0	(0)
A-hluti samtals	(2.426.212)	(854.032)	(841.197)	(4.121.440)	2.519.032	1.425.921	133.968	4.078.921	88.763	46.244	64.509	(18.265)
Sjóðir B-hluta												
41 - Hafnarsjóður, rekstur			(327.356)	(327.356)	96.444	92.901	21.975	211.321	10.449	(105.586)	(107.117)	1.531
43 - Vatnsveita, rekstur			(85.323)	(85.323)		46.390	11.242	57.632	(257)	(27.947,905)	(25.510)	(2.438)
53 - Þjónustuíbúðir, rekstur			(72.914)	(72.914)	15.141	69.168	2.711	87.019	3.849	17.954	25.004	(7.050)
55 - Eyri hjúkrunarheimili, rekstur			(78.039)	(78.039)		11.087	32.859	43.946	75.332	41.238	31.563	9.675
57 - Fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf.			(143.966)	(143.966)	11.562	64.854	23.184	99.601	54.445	10.079	4.949	5.131
61 - Fráveita, rekstur			(79.754)	(79.754)		53.668	6.348	60.015	1.847	(17.892)	(26.652)	8.760
63 - Funi, rekstur			(10.995)	(10.995)		7.713	2.339	10.052	554	(389)	(2.098)	1.709
Millifærslur B-hluta			49.005	49.005		(49.005)		(49.005)		0	0	0
B-hluti samtals			(749.343)	(749.343)	123.147	296.776	100.658	520.581	146.218	(82.544)	(99.863)	17.319
A- og B-hluti samtals	(2.426.212)	(854.032)	(1.590.540)	(4.870.783)	2.642.179	1.722.697	234.626	4.599.502	234.981	(36.300)	(35.354)	(946)

Efnahagsreikningur - Fjárhagsáætlun 2018

	Samstæðan	A-hluti	B-hluti	Aðalsjóður	Eignasjóður	Þjónustu- miðstöð	Hafnarsjóður	Vatnsveita	Þjónustu- íbúðir	Hjúkrunar- heimilið Eyri	rasteignir Ísafjarðar- bæjar ehf	Fráveita	Funi
Fasteignir	5.192.706	3.292.154	1.900.552	77.970	3.208.243	5.941	5.175	0	62.015	1.215.505	610.962	0	6.894
Veitukerfi, hafnarmannvirki	1.949.453	920.015	1.029.439	0	920.015	0	585.347	266.974	0	0	0	177.118	0
Vélar, áhöld og tæki	286.576	249.867	36.709	0	209.785	40.082	33.168	0	531	0	0	0	3.010
Þar af framkvæmdir ársins	850.000	771.800	78.200	0	766.800	5.000	61.000	8.600	0	0	0	8.600	0
Varanlegir rekstrarfjárm. alls	7.428.735	4.462.036	2.966.699	77.970	4.338.042	46.024	623.690	266.974	62.546	1.215.505	610.962	177.118	9.904
Eignarhluti í félögum	440.536	568.107	0	568.107	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Langtímakröfur	5.794	5.794	0	5.794	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Langtímakröfur á eigin fyrirt.	0	82.431	0	1.023.401	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Næsta árs afb. langtímakrafna	(3.506)	(42.953)	0	(128.526)	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Áhættufjárm. og langt.kr. alls	442.824	613.378	1.468.775	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Fastafjármunir alls	7.871.559	5.075.414	2.966.699	1.546.746	4.338.042	46.024	623.690	266.974	62.546	1.215.505	610.962	177.118	9.904
Önnheimtar tekjur og viðskiptakröfu	272.306	234.720	37.586	234.720	0	0	24.991	8.614	1.090	0	2.891	0	0
Næstaárs afborgun langtímakr.	3.506	42.953	0	128.526	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Skammtímakröfur á eigin fyrirt.	0	102.919	521.645	1.330.205	0	0	165.260	312.526	0	0	127	43.731	0
Aðrar skammtímakröfur	9.857	9.623	234	9.623	0	0	0	0	0	0	234	0	0
Skammtímakröfur alls	285.669	390.215	559.464	1.703.074	0	0	190.251	321.140	1.090	0	3.252	43.731	0
Handbært fé	41.452	35.871	5.581	35.871	0	0	0	0	0	0	5.581	0	0
Veltufjármunir alls	327.121	426.086	565.046	1.738.945	0	0	190.251	321.140	1.090	0	8.833	43.731	0
Eignir alls	8.198.680	5.501.501	3.531.745	3.285.690	4.338.042	46.024	813.941	588.114	63.635	1.215.505	619.796	220.849	9.904
Eigið fé	(1.158.350)	(717.941)	(567.980)	(924.201)	56.128	150.132	(559.359)	(560.166)	25.004	47.661	636.692	(176.228)	18.418
Rekstrarniðurstaða ársins	(36.300)	46.244	(82.544)	174.238	(167.943)	39.949	(105.586)	(27.948)	17.954	41.238	10.079	(17.892)	(389)
Eigið fé alls	(1.194.650)	(671.697)	(650.523)	(749.964)	(111.814)	190.081	(664.946)	(588.114)	42.958	88.899	646.771	(194.120)	18.029
Lífeyrisskuldbindingar	(1.703.366)	(1.703.366)	0	(1.703.366)	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Aðrar skuldbindingar	(27.110)	(27.110)	0	0	(27.110)	0	0	0	0	0	0	0	0
Skuldbindingar alls	(1.730.476)	(1.730.476)	0	(1.703.366)	(27.110)	0	0	0	0	0	0	0	0
Skuldir við lánastofnanir	(4.950.137)	(2.273.936)	(2.676.201)	(34.773)	(2.239.163)	0	(137.904)	0	0	(1.270.874)	(1.262.239)	0	(5.184)
Næsta árs afb. langtímalána	322.299	226.873	134.873	0	312.446	0	26.959	0	26.656	26.022	37.397	12.791	5.047
Skuldir á eigin fyrirtæki	0	0	(82.431)	0	(940.970)	0	0	0	(55.701)	0	0	(26.729)	0
Langtímaskuldir alls	(4.627.838)	(2.047.063)	(2.623.758)	(34.773)	(2.867.687)	0	(110.944)	0	(29.045)	(1.244.852)	(1.224.842)	(13.938)	(137)
Viðskiptaskuldir	(200.305)	(199.889)	(416)	(199.889)	0	0	0	0	0	0	(416)	0	0
Næsta árs afb. langtímalána	(322.299)	(226.873)	(134.873)	0	(312.446)	0	(26.959)	0	(26.656)	(26.022)	(37.397)	(12.791)	(5.047)
Skuldir á eigin fyrirtæki	0	(521.645)	(102.919)	(521.645)	(991.181)	(236.104)	0	(50.892)	(29.482)	0	0	0	(22.545)
Aðrar skammtímaskuldir	(123.113)	(103.858)	(19.255)	(76.054)	(27.803)	0	(11.091)	0	0	(4.048)	(3.912)	0	(203)
Skammtímaskuldir alls	(645.716)	(1.052.265)	(257.463)	(797.588)	(1.331.431)	(236.104)	(38.050)	0	(77.548)	(59.552)	(41.725)	(12.791)	(27.796)
Skuldir og skuldb. samtals	(7.004.030)	(4.829.803)	(2.881.221)	(2.535.727)	(4.226.228)	(236.104)	(148.995)	0	(106.593)	(1.304.404)	(1.266.567)	(26.729)	(27.933)
Skuldir og eigið fé samtals	(8.198.680)	(5.501.501)	(3.531.745)	(3.285.690)	(4.338.042)	(46.024)	(813.941)	(588.114)	(63.635)	(1.215.505)	(619.796)	(220.849)	(9.904)

Sjódóstreymi - Fjárhagsáætlun 2018

	Samstæðan	A-hluti	B-hluti	Aðalsjóður	Eignasjóður	Þjónustu- miðstöð	Hafnar- sjóður	Vatnsveita	Þjónustu- íbúðir	Hjúkrunar- heimilið Eyri	Rasteignir Ísafjarðar- bæjar ehf	Fráveita	Funi
Rekstrarhreyfinar													
Niðurstöður ársins	36.300	(46.244)	82.544	(174.238)	167.943	(39.949)	105.586	27.948	(17.954)	(41.238)	(10.079)	17.892	389
Liðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi													
Reiknaðar afskriftir	234.626	133.968	100.658	0	131.367	2.601	21.975	11.242	2.711	32.859	23.184	6.348	2.339
Verðbætur og gengismunur	137.923	64.565	73.358	0	64.565	0	3.637	0	1.528	33.514	33.809	733	137
Verðb. og gengism. langt. krafna	(27.424)	(27.424)	0	(27.424)	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Breyting lífeyrisskuldbindinga	88.975	88.975	0	88.975	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Veltufé frá rekstri	470.400	213.841	256.559	(112.687)	363.875	(37.348)	131.198	39.190	(13.715)	25.135	46.915	24.973	2.865
Handbært fé frá (til) rekstri	470.400	213.841	256.559	(112.687)	363.875	(37.348)	131.198	39.190	(13.715)	25.135	46.915	24.973	2.865
Fjárfestingahreyfingar													
Fjárf. í varanl. rekstrarfjármunum	(850.000)	(771.800)	(78.200)	0	(766.800)	(5.000)	(61.000)	(8.600)	0	0	0	(8.600)	0
Afborganir langtímakrafna	550	38.681	0	124.254	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Fjárfestingahreyfingar alls	(849.450)	(733.119)	(78.200)	124.254	(766.800)	(5.000)	(61.000)	(8.600)	0	0	0	(8.600)	0
Fjármögnunarahreyfingar													
Tekin ný langtímalán	680.000	680.000	0	0	680.000	0	0	0	0	0	0	0	0
Afborganir langtímalána	(299.599)	(206.023)	(131.707)	0	(291.595)	0	(26.290)	0	(25.766)	(25.509)	(36.729)	(12.364)	(5.047)
Eigin fyrirtæki, breyting	0	46.652	(46.652)	(10.216)	14.520	42.348	(43.907)	(30.590)	39.482	375	(10.185)	(4.009)	2.182
Fjármögnunarahreyfingar alls	380.401	520.630	(178.359)	(10.216)	402.925	42.348	(70.198)	(30.590)	13.715	(25.135)	(46.915)	(16.373)	(2.865)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé													
Handbært fé í ársbyrjun	40.101	34.520	5.581	34.520	0	0	0	0	0	0	5.581	0	0
Handbært fé í árslok	41.452	35.871	5.581	35.871	0	0	0	0	0	0	5.581	0	0



Ísafjarðarbær
Hafnarstræti 1
400 Ísafirði

